HALLDÓR 10

PONDUS 18

FRÉTTIR 4

Krafa um milljónir

Sparaðu tíma og gerðu einfaldari innkaup á netto.is

netto

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

48. TÖLUBLAÐ | 23. ÁRGANGUR | frettabladid.is | FIMMTUDAGUR 9. MARS 2023

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, mátar fyrstu mottumars-sokkana sem hann fékk afhenta frá Höllu Þorvaldsdóttur, framkvæmdastjóra Krabbameinsfélags Íslands. Rakel Sólrós Jóhannsdóttir og Þórdís Claessen hjá 66°Norður voru einnig viðstaddar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTIR 6



Hægt að plana partíið

MENNING 19

Jamie Cullum elskar Ísland

LÍFIÐ 30

Fjölskyldufríið á Íslandi fór í vaskinn

Missti son sinn og vill fá jafnræði

STJÓRNSÝSLA Jódís Skúladóttir, þingkona Vinstri grænna, missti dreng úr móðurkviði 3. júní síðastliðinn. Hún segir aðgengi að fagþjónustu í kjölfar dauðsfalls mjög ábótavant víða á landsbyggðinni.

„Það er mjög mikilvægt að aðgengi, umönnun og geymslu líkanna sé almennilega háttað, hvar sem fólk býr," segir Jódís. SJÁ SÍÐU 2



Jódís Skúladóttir, þingmaður Vinstri grænna

Ógagnsæ gjöld hjá læknum

Erfitt getur reynst að finna hversu mikið þarf að greiða fyrir viðtal hjá lækni á einkarekinni stofu eða aðgerð. Samningar hafa verið lausir í meira en fjögur ár.

kristinnhaukur@frettabladid.is

NEYTENDUR Villtavestursástand ríkir á einkareknum læknastofum þegar kemur að svokölluðum komugjöldum. Það er gjöldum sem flestir sérgreinalæknar innheimta vegna þess að ekki hafa náðst samningar við Sjúkratryggingar í rúm fjögur ár.

Þessi gjöld eru utan við greiðsluþátttökukerfi ríkisins, eru afar mishá eftir læknastofum og eru í fæstum tilvikum sýnileg á vefsíðum.

> Við þekkjum dæmi um að fjölskyldur séu að borga 50 þúsund krónur á mánuði.

Emil Thoroddsen, framkvæmdastjóri Gigtarfélags Íslands

„Við þekkjum dæmi um að fjölskyldur séu að borga 50 þúsund krónur á mánuði," segir Emil Thoroddsen, framkvæmdastjóri Gigtarfélags Íslands, um komugjöldin. Hann segir það öruggt að einhverjir sjúklingar þurfi að neita sér um læknisþjónustu út af þessum gjöldum.

„Við höfum núna verið samningslaus í fjögur ár, tvo mánuði og sjö daga," segir Ragnar Freyr Ingvarsson, formaður Læknafélags Reykjavíkur, sem situr í samninganefnd gagnvart Sjúkratryggingum.

Óformlegar þreifingar hafi verið í gangi milli félagsins og Sjúkratrygginga síðan í október en þar áður hafi ekkert samtal átt sér stað í tíu mánuði. SJÁ SÍÐU 8

Þrjátíu prósent búin að skila

lovisa@frettabladid.is

FJÁRMÁL Rúmri viku eftir að opnað var fyrir framtalsskil einstaklinga hafa 29 prósent þeirra skilað því, eða 95.700. Á sama tíma fyrir ári höfðu 27 prósent skilað framtali. Alls eiga 330 þúsund einstaklingar að skila framtali fyrir 14. mars.

„Fyrir þorra fólks eru framtalsskilin mjög einföld. Unnið hefur

Jónas Magnússon, ritstjóri stafrænna miðla hjá Skattinum

verið að því svo árum skiptir að auka áritun upplýsinga í framtöl einstaklinga. Fyrir flest tekur framtalsgerðin því mjög stuttan tíma. Gott er að fara yfir allar tölur þótt fæstir þurfi að gera leiðréttingar á þeim," segir Jónas Magnússon, ritstjóri stafrænna miðla.

Gera þarf grein fyrir ýmsum eignabreytingum, svo sem bílakaupum. „Almennt er fæst af þessu flókið og alltaf hægt að hringja og fá aðstoð ef í harðbakkann slær." ■

Andstaða hefur aukist frá árinu 2021. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Meirihluti á móti laxeldi í sjókvíum

ser@frettabladid.is

FISKELDI Yfir sextíu prósent landsmanna eru andvíg laxeldi í opnum sjókvíum, að því er fram kemur í könnun Gallup sem gerð var seinni hluta síðasta mánaðar.

Merkja má viðhorfsbreytingu meðal landsmanna gagnvart þessari eldisaðferð, en í sambærilegri könnun frá haustinu 2021 voru mun fleiri sáttir við sjókvíaeldi.

Nýja könnunin sýnir jafnframt að ríflega fimmtíu prósent sem tóku afstöðu vilja leggja bann við sjókvíaeldi á Íslandi. ■

Asbest í Höfða

gar@frettabladid.is

REYKJAVÍK Hið heilsuspillandi efni asbest hefur fundist í húsinu Höfða við Borgartún.

„Við endurnýjun á eldhúsinu á Höfða kom í ljós að asbestplötur voru undir dúk og í veggjum. Unnið er að því að fjarlægja það með aðstoð sérfræðinga," segir Eva Bergþóra Guðbergsdóttir, samskiptastjóri á skrifstofu borgarstjóra.

„Asbest er ekki hættulegt nema það sé hreyft við því þannig að ekki er talin hætta á heilsutjóni," segir Eva. „Það er talið að þetta taki nokkrar vikur."

Vegna þessa fara engir viðburðir nú fram í Höfða. Afhending Fjöruverðlaunanna sem jafnan fer fram í húsinu var því flutt annað í gær. ■

Aðalfundur
Ferðafélags Íslands

verður haldinn fimmtudaginn 16. mars kl. 20 í sal FÍ Mörkinni 6.

Dagskrá fundarins er sem hér segir:
1. Skýrsla forseta um starfsemi félagsins á árinu sem leið.
2. Ársreikningur félagsins lagður fram með áritun endurskoðanda.
3. Lagabreytingar.
4. Kosin stjórn samkvæmt 5. grein félagslaganna.
5. Kosnir tveir skoðunarmenn og einn til vara.
6. Önnur mál.

Atkvæðisrétt og kjörgengi á aðalfundi hafa:
1. Skráðir félagsmenn sem greitt hafa félagsgjald fyrir 2022.
2. Gengið hafa í félagið fyrir næstu áramót á undan aðalfundi.

Stjórnin.

Ferðafélag Íslands | Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S. 568 2533 | www.fi.is

Kynnast íslensku gluggaveðri

Mikill kuldi hefur geisað um landið seinustu daga og eru þessir erlendu ferðamenn vonandi undirbúnir fyrir íslenskt veðurfar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Missti son og vill jafnræði

Þingkona missti barn í fyrrasumar. Hún segir mikilvægt að landsmenn búi við jafnræði þegar dauðinn knýr dyra.

bth@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Jódís Skúladóttir, þingkona Vinstri grænna, missti dreng úr móðurkviði 3. júní síðastliðinn, Sigbjörn Skógar Jódísarson.

Jódís segist hafa fengið eins góða þjónustu og hægt var að vænta í kjölfarið en þar vó þungt að hún var stödd í Reykjavík, lá á Kvennadeild Landspítalans þegar missinn bar að.

„Ég bý á Egilsstöðum, en þegar þetta gerðist var ég í bestu aðstæðum, á höfuðborgarsvæðinu," segir Jódís. „Ég velti fyrir mér hvað hefði orðið ef þetta hefði gerst fyrir austan," bætir Jódís við.

Hún vísar til þess að víða á landsbyggðinni sé aðgengi að fagþjónustu í kjölfar dauðsfalls mjög ábótavant. Nefna megi skort á útfararstofum, líkbrennslu, ráðgjöf og fleira í þeim efnum.

Jódís er flutningsmaður tillögu um að dómsmálaráðherra skipi starfshóp um umönnun og geymslu líka. Mikilvægt er að hennar sögn að tekið verði saman hve mörgu sé ábótavant úti á landi. Landsmenn sitji ekki allir við sama borð þegar dauðinn knýr dyra.

Fréttablaðið sagði frá því á dögunum að dæmi væru um að lík væru flutt með flutningabíl innan um vörur svo sem kartöflupoka. Blaðið vitnaði í þingræðu Jódísar þar sem þetta kom fram. Segist Jódís hafa fengið mikil viðbrögð frá fólki en þau hafi einkum snúist um þá mismunun sem íbúar búi við eftir landsvæðum.

„Hér í Reykjavík höfum við líkhús og líkbrennslu, við höfum alla útfararþjónustu sem hægt er að veita," segir Jódís. „En ástandið er slæmt víða á landsbyggðinni. Það er mjög

Drengur Jódísar, Sigbjörn Skógar, fæddist og dó 3. júní síðastliðinn. MYND/AÐSEND

> Ég gagnrýni skort á faglegu ferli í þessum erfiðu aðstæðum.

Jódís Skúladóttir, þingkona Vinstri grænna

mikilvægt að aðgengi, umönnun og geymslu líkanna sé almennilega háttað, hvar sem fólk býr."

Eitt dæmi er þegar kallað er eftir krufningu þegar tildrög andláts eru óljós. Krufningar fara allar fram í Reykjavík og þarf að flytja lík fram og til baka ef hinir látnu búa úti á landi. Jódís segir að allur gangur sé á flutningsmátanum. Þá geti mikill kostnaður hlotist af flutningi fyrir aðstandendur. Ramma vanti utan um aðstæðurnar.

„Ég held því ekki fram að þeir sem flytji lík geri það ekki af fullri virðingu," segir Jódís. „Ég gagnrýni skort á faglegu ferli í þessum erfiðu aðstæðum."

Miklu fleiri líkhús þyrftu að vera úti á landi að mati þingmannsins. Af orðum hennar að dæma má ályktta að aðstæðum fólks úti á landi sé engan veginn nægur gaumur gefinn.

„Ég hjó eftir því í fyrra að manneskja í Reykjavík átti þess kost að vera flutt til Akureyrar og fá læknisþjónustu þar. Þá fór af stað umræða um hreppaflutninga og virtust margir mjög hneykslaðir. Þetta stakk mig vegna þess að við á landsbyggðinni höfum vanist svona flutningum sem normi. Við þurfum að sækja nánast alla þjónustu á einn stað, oft þvert yfir landið. Það leiðir oft af sér mikinn kostnað, að ekki sé talað um amann." ■

Parket útsala 25-50%

30%

Græn vara

ALSAPAN

Harðparket
Eik, 1286x214x12 mm,
5G læsing, AC 6
rispustuðull. **147400**

3.986 kr/m²
~~5.694 kr/m²~~

30%

Græn vara

ALSAPAN

Harðparket
Plato, eik, 12 mm,
4V AC6. **1474009**

3.942 kr/m²
~~5.631 kr/m²~~

40%

Græn vara

KAINDL

Harðparket
Ljós eik, þriggja stafa,
1285x192x8 mm,
AC4. **147075**

1.944 kr/m²
~~3.240 kr/m²~~

30%

Græn vara

KAINDL

Harðparket
Eik, 8x1383x193 mm,
AC5. **147010**

2.791 r/m²
~~4.294 kr/m²~~

50%

BERRY ALLOC

Harðparket
Stærð: 2410x214x10,3 + 2 mm,
fasað, vatnsvörn, AC 6
rispustuðull. **147554**

4.807 kr/m²
~~9.615 kr/m²~~

35%

Lamett

Vinylparket
Fiskibeinamunstur,
dökk eik. **147501**

5.576 kr/m²
~~8.579 kr/m²~~

Flísar útsala 25-50%

50%

Græn vara

PAMESA CERAMICA

Flísar
Style Merengo,
30,3x61,3 cm,
R9. **8611176**

2.317 kr/m²
~~4.633 kr/m²~~

30%

Græn vara

PAMESA CERAMICA

Flísar
CR Niro, hvít,
30x60 cm,
Rectif. R9.
8611226

3.242 kr/m²
~~4.987 kr/m²~~

Parket útsölublað
Skannaðu kóðann

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Parket útsala

Allir út á gólf

Parket og flísar
25-50%

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Keppast um hönnun húsnæðis

ser@frettabladid.is

HÚSNÆÐISMÁL Fimm arkitektastofur hafa verið valdar til að taka þátt í samkeppni um hönnun nýs húsnæðis viðbragðs- og löggæsluaðila á höfuðborgarsvæðinu sem mun leysa af hólmi núverandi húsnæði í Skógarhlíð.

Stofurnar eru Arkis arkitektar, Arkþing Nordic, Hornsteinar Arkitektar, T.ark Arkitektar og Yrki arkitektar.

Í tilkynningu frá verkkaupum segir að hvert og eitt teymi fái tíu milljónir króna fyrir tillögu sína. Að þeim fram lögðum muni matsnefnd velja tvær tillögur sem unnar verði frekar. ■

Um mannleg mistök að ræða

lovisa@frettabladid.is

FJÁRMÁL Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri Reiknistofu bankanna, segir öll gögn örugg hjá þeim og telur ólíklegt að þau mannlegu mistök sem áttu sér stað þegar gögn indó voru send Kviku í síðustu viku endurtaki sig.

Hún segir starfsmenn RB hafa verið að vinna að sérstöku verkefni fyrir Kviku þegar gögnin voru send áfram í misgripum. ■

Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri Reiknistofu bankanna

Rothögg fyrir veitingarekstur

ninarichter@frettabladid.is

KJARAMÁL Aðalgeir Ásvaldsson framkvæmdastjóri SVEIT, samtaka fyrirtækja á veitingamarkaði, segir miðlunartillögu Eflingar og SA ólýðræðislega atlögu að rekstrarumhverfi veitingamanna.

Hann segir greinina vera jaðargrein og rekstrarumhverfið ósjálfbært. Afturvirkar launagreiðslur starfsmanna muni reynast fyrirtækjum í greininni endanlegt rothögg. ■

Samningalotu á almennum vinnumarkaði lokið

lovisa@frettabladid.is

KJARAMÁL Samningalotunni á almennum vinnumarkaði er lokið nú þegar Efling og Samtök atvinnulífsins hafa fengið nýjan kjarasamning. Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, segir að nú taki við næsta verkefni sem sé að semja fyrir hönd félagsfólks sem starfar á opinberum markaði en stór hópur starfar hjá Reykjavíkurborg, Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu, hjá sveitarfélögum og ríkinu. Gert er ráð fyrir að fyrsti fundur verði í næstu viku.

Miðlunartillaga ríkissáttasemjara í kjaradeilu Eflingar og SA var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta í gær. Hún hefur því tekið gildi sem kjarasamningur þeirra á milli. Sólveig Anna segir í samtali við Fréttablaðið að henni og samninganefndinni hafi verið ljóst að ekkert annað væri í stöðunni en að samþykkja tillöguna.

Sólveig Anna fundar í kvöld með samninganefnd félagsfólks Eflingar sem starfar á opinberum markaði.

„Ég hef auðvitað mikinn skilning á því að Eflingarfólk vilji að þessu ljúki á þessum tímapunkti enda ljóst að ekki er hægt að komast lengra.“

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, fagnaði mikilli þátttöku og afgerandi niðurstöðu. Hann sagðist ósáttur við það að afturvirkni hefði verið sett aftur á borðið en samningurinn er afturvirkur til 1. nóvember eins og aðrir samningar í þessari lotu. ■

Krafa um milljónir eftir tannréttingar

Móðir hefur staðið í stappi við Sjúkratryggingar Íslands vegna niðurgreiðslu á læknaþjónustu fyrir son hennar sem fæddist með tvíklofna vör og góm. Sjúkratryggingar Íslands hafa nú krafið tannréttingasérfræðing drengsins um tugi milljóna króna.

erlamaria@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Ragnheiður Sölvadóttir, móðir fjórtán ára drengs sem fæddist með tvíklofna vör og góm, kveðst hafa staðið í stappi við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) að undanförnu vegna niðurgreiðslu á læknaþjónustu fyrir son hennar.

Í síðustu viku hafi tannréttingasérfræðingur drengsins fengið rukkun frá Sjúkratryggingum Íslands og hann verið krafinn um endurgreiðslu upp á tugi milljóna króna vegna tannréttinga barna, meðal annars vegna Guðmundar Sölva.

„Við fengum bréf síðastliðinn föstudag um að tannréttingalæknirinn okkar ásamt öðrum hefði fengið endurkröfu frá Sjúkratryggingum upp á rúmlega 24 milljónir króna. Það er útreikningur síðan síðasta haust og samkvæmt nýjustu upplýsingum dettum við inn í þennan hóp,“ segir Ragnheiður.

Hún segir að krafan frá SÍ taki meðal annars á því að tannréttingasérfræðingurinn hafi rukkað fyrir meira en hann hafi haft heimild fyrir.

„Okkur skilst að þetta komi til vegna þess að hann sé búinn að vera að nota meira af kubbum fyrir teina, myndum og föstum tækjum en þeir vilja meina að sé leyfilegt á einu ári, samkvæmt einhverjum gjaldaliðum. Hann sé sum sé að fara umfram það sem hann megi nota á ári,“ segir Ragnheiður og heldur áfram:

„Þegar þú ert með börn sem þurfa á þessari þjónustu að halda og eru

Ragnheiður Sölvadóttir og sonur hennar Guðmundur Sölvi Ármannsson, funduðu með Willum Þór Þórssyni heilbrigðisráðherra í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Við viljum bara að allir komist sáttir frá borði og að börnin okkar fái þá þjónustu sem þau svo sannarlega eiga rétt á.
>
> Ragnheiður Sölvadóttir

með þennan fæðingargalla, eru fædd með skarð í vör eða góm, er ekki hægt að áætla hversu mikið þarf að nota. Það þarf að meta hvert barn fyrir sig og sinna því.“

Ragnheiður segir þessar nýjustu vendingar setja mál Guðmundar Sölva í afar erfiða stöðu.

„Við erum í biðstöðu sem stendur en tannréttingalæknirinn okkar heldur okkur upplýstum og ég dáist að því hvað hann er öflugur að tala við okkur. Hann til dæmis rukkar okkur ekki fyrir símtöl eða ráðleggingar ef eitthvað kemur upp á,“ segir hún.

Ragnheiður og Guðmundur Sölvi funduðu í gær með Willum Þór Þórssyni heilbrigðisráðherra. Ragnheiður segir að ráðherra hafi tekið vel í erindi þeirra.

„Það kom honum á óvart að skarðabörn eru sett undir sama hatt og venjulegar tannréttingar, en það hefur alltaf verið þannig,“ segir hún.

„Frá því Guðmundur Sölvi byrjaði í þessu ferli fyrir tíu árum síðan höfum við fallið undir 95 prósenta regluna. En sú regla virðist bara ekki vera í gildi lengur og við sett í biðstöðu,“ segir Ragnheiður.

„Willum segist ætla að fara ofan í saumana á þessu og skoða þetta betur,“ bætir hún við.

Ragnheiður segist vona að heilbrigðisráðherra taki á þessum málum af meiri festu en áður og auðveldi ferlið fyrir börn sem fæðast með skarð í vör eða góm.

„Ég vil bara að mál þessara barna verði skoðuð og það verði hlustað á okkur. Við foreldrarnir erum held ég bestu sérfræðingarnir í okkar börnum og við veljum réttu sérfræðingana til að sinna þeim,“ segir Ragnheiður og heldur áfram:

„Ég vil ekki þurfa að taka þennan slag lengur. Við viljum bara að allir komist sáttir frá borði og að börnin okkar fái þá þjónustu sem þau svo sannarlega eiga rétt á.“

Nánar verður rætt við Ragnheiði og Guðmund Sölva á Fréttavaktinni á Hringbraut klukkan 18.30 í kvöld. ■

Húsnæði heilsugæslunnar á Akureyri sé bæði óhæft og myglað

bth@frettabladid.is

AKUREYRI Efla verkfræðistofa hefur fundið myglu í húsnæði heilsugæslunnar á Akureyri. Alútboð fór fram í gær, sama dag og myglan var staðfest, fyrir verktaka vegna byggingar 1.300 milljóna króna heilsugæslustöðvar á tjaldstæðisreitnum við Þórunnarstræti.

Jón Helgi Björnsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, segir um að ræða myglu á 6. hæðinni í Amaro og ef til vill víðar í húsinu.

„Já, ég held að það megi segja að mjög sterkur grunur sé um myglu þarna,“ segir hann.

Efla verkfræðistofa rannsakaði ástand Amaro-hússins eftir kvartanir starfsfólks um ólykt og léleg vistgæði. Jón Helgi segir niðurstöðuna ekki koma á óvart.

> Þetta er eldgamalt hús og í raun búið að vera óhæft undir þessa starfsemi í 15 ár.

Jón Helgi Björnsson, forstjóri HSN

„Þetta er eldgamalt hús og í raun búið að vera óhæft undir starfsemi heilsugæslunnar í 15 ár.“

Jón Helgi segir löngu tímabært að reist verði ný heilsugæslustöð á Akureyri, kynning á alútboði fór fram fyrir verktaka í gær. Heilsugæslu á Akureyri verður tvískipt í framtíðinni, hluti starfseminnar fer fram í Sunnuhlíð en hinn á Brekkunni.

„Það verður mikil bót þegar nýja stöðin kemst í gagnið,“ segir Jón Helgi.

„Ég held að Akureyri sé eina stóra samfélagið hér á landi þar sem aldrei hefur sérstaklega verið byggð heilsugæslustöð utan um svona starfsemi. Það var löngu tímabært,“ segir Jón Helgi og fagnar umbótunum á sama tíma og myglan veldur tjóni. ■

Veldu páskaegg frá Nóa sem passar þér!

Páskaeggin frá Nóa Síríus eru tilbúin. Það eru spennandi nýjungar í boði og egg sem hæfa öllum. Þau eru nefnilega allskonar, sæt stökk smá og stór en fyrst og fremst ómótstæðileg.

Skoðaðu úrvalið, veldu og njóttu!

Fylkingin gegn Erdogan

Nýtt bandalag stjórnarandstæðinga Erdogan Tyrklandsforseta heitir því að vinda ofan af stefnumálum hans í kosningum sem margir telja að muni verða þær afdrifaríkustu í 100 ára sögu lýðveldisins.

◀Kemal Kilicdaroglu, 74 ára, formaður stærsta veraldlega stjórnarandstöðuflokksins, Lýðveldisflokks fólksins. Valinn af sex flokka Þjóðarbandalaginu til að bjóða sig fram á móti Recep Tayyip Erodogan, 69 ára, í forsetakosningum í maí.

MEGINLOFORÐ ÞJÓÐARBANDALAGSINS

STJÓRNMÁLAKERFI
- Snúa aftur til þingræðis og endurvekja stöðu forsætisráðherra.
- Forsetaembættið verði eingöngu táknrænt og eitt sjö ára kjörtímabil.
- Réttur þjóðþingsins til að draga Tyrkland út úr alþjóðasamningum verði bundinn í stjórnarskrá.

EFNAHAGSMÁL
- Lækka verðbólgu, sem var 55% í febrúar, niður í eins stafs tölu á næstu tveimur árum. Endurvekja stöðugleika tyrknesku lírunnar sem hefur tapað 80% af verðgildi sínu á síðustu fimm árum.
- Endurvekja sjálfstæði seðlabankans. Draga úr valdi ráðuneyta, svo sem til að tilnefna ríkisstjóra.

UTANRÍKISSTEFNA
- Ljúka ferli að fullri aðild að Evrópusambandinu.
- Treysta sambandið við Bandaríkin og efla gagnkvæmt traust. Endurvekja F-35 orrustuþotuverkefnið.
- Halda sambandi við Rússland á grunni jafnræðis.

LAGALEGAR UMBÆTUR
- Endurreisa sjálfstæði dómstóla sem nú eru taldir lúta stjórn Erdogan.
- Tryggja að dómstólar innleiði úrskurði bæði stjórnlagadómstólsins og Mannréttindadómstóls Evrópu hratt og vel.
- Styrkja tjáningarfrelsi og tryggja að gæsluvarðhald í aðdraganda réttarhalda verði eins stutt og unnt er.

Heimild: Reuters, Bloomberg Myndir: Getty © GRAPHIC NEWS

Hyggjast vinda ofan af stefnu Erdogan

gar@frettabladid.is

TYRKLAND Stjórnarandstaðan í Tyrklandi sem oftast er sundruð hefur sameinast um einn frambjóðanda í forsetakosningum í maí.

Kemal Kilicdaroglu, sem er 74 ára og leiðir stærsta veraldlega stjórnmálaflokk Tyrklands, verður leiðtogi Þjóðarbandalagsins sem sex helstu stjórnarandstöðuflokkarnir hafa myndað. Þjóðarbandalagið heitir því að vinda ofan af stefnu Erdogan Tyrklandsforseta í mannréttindamálum, efnahagsmálum og utanríkismálum.

Skoðanakannanir gefa til kynna jafnar kosningar þann 14. maí sem einkennast munu af tveggja áratuga einræði í valdatíð Erdogan. Forsetinn stendur nú andspænis sinni stærstu áskorun hingað til í skugga óðaverðbólgu, meintrar óstjórnar í efnahagsmálum og reiði almennings vegna viðbragða stjórnvalda við stóru jarðskjálftunum sem kostuðu yfir 45 þúsund mannslíf í Tyrklandi. ■

Fordæmalaus fundur fornhellis

bth@frettabladid.is

MÝVATNSSVEIT Talið er að hellirinn undir Jarðböðunum við Mývatn liggi í 8.000 ára gömlu hrauni.

„Það er í raun fordæmalaust í þessum aðstæðum að hellisop opnist og finnist við byggingarframkvæmdir," segir Daníel Már Jónsson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun.

Engir verkferlar eru til um hvernig skuli bregðast við þegar hellir finnst á framkvæmdasvæði. Því er úr vöndu að ráða en Daníel mun á morgun leggja leið sína niður í hellinn, sem starfsmenn Jarðbaðanna hafa kallað Jarðbaðshelli. Hellirinn verður kortlagður og verndargildi hans metið.

Ef hraunstrá eða annað viðkvæmt finnst kann að vera að umferð um hann verði ekki leyfð almenningi.

Fundur hraunhellisins er jafnvel enn merkari en fyrst var talið.

MYND/AÐSEND

Á hinn bóginn vinnur með vonum almennings um að fá notið náttúruvættisins hve langur, hár og víður hann er, að sögn Daníels.

Ómögulegt er á þessu stigi að segja til um heildarlengd hellisins. Forskoðun starfsmanna Jarðbaðanna bendir til að hann gæti verið allt að 200 metra langar.

Hellirinn liggur undir öll mannvirki Jarðbaðanna. Hrein tilviljun varð til þess við jarðvegsframkvæmdir verktaka vegna nýbygginga að starfsmaður sá hellisopið opnast skammt frá útiklefum baðanna við rask á jarðvegi.

„Þetta er einstakur fundur, ég held að aldrei áður hafi hraunhellir fundist við svona aðstæður," segir Daníel. ■

Diljá mun stíga á stokk í Liverpool 11. maí og á að fljúga inn í úrslitin. Úrslitakvöldið fer svo fram laugardaginn 13. maí.

MYND/MUMMI LÚ

Hægt að fara að plana partí því að Diljá er örugg áfram

Síðustu lögin í Eurovision-riðli okkar voru kynnt í gærkvöldi. Flestir Eurovision-spekingar eru sammála um að fyrri riðillinn sé mun sterkari en sá sem Diljá keppir í. Formaður FÁSES segir Diljá eiga að fljúga inn á úrslitakvöldið og að landsmenn geti farið að skipuleggja gott partí.

benediktboas@frettabladid.is

EUROVISION „Ég held að það sé nánast öruggt að við förum í úrslitin og upp úr þessum riðli," segir Ísak Pálmason, formaður Félags áhugafólks um Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva (FÁSES).

Síðustu lögin í síðari riðli Eurovision, þar sem Diljá keppir, voru kynnt í gærkvöld. Armenía og Georgía kynntu þá sín lög og er Ísak sammála Eurovision-spekingum um að fyrri riðillinn sé mun sterkari. Þar keppa meðal annars Finnar, Svíar og Norðmenn, sem öllum er spáð góðu gengi.

„Ég myndi alveg segja að við værum með eitt af sterkari lögunum í okkar riðli. Það er enginn augljós sigurvegari en það kæmi mér lítið á óvart ef Diljá yrði í topp þremur í undankeppninni," segir Ísak fullur bjartsýni.

Ísak segir að lagið Power hafi fengið góða dóma úti í hinum stóra Eurovision-heimi. Sérstaklega í Bretlandi. „Þar hafa verið góð viðbrögð og sagt meðal annars að lagið henti vel inn í tónlistarsenuna þar í landi og því er spáð að það verði tekið vel undir í höllinni með henni."

Hann bendir á að Íslendingar hafi orð á sér fyrir að velja góða flytjendur. „Við stöndum okkur vel undir pressu og flytjendur eru mjög góðir í að taka þátt í Eurovision-leiknum sem fylgir. Það er vel haldið utan um þá enda er bilað álag að vera ofurstjarna í tvær vikur," segir hann.

Eins og veðbankar standa núna er Svíum spáð sigri þrátt fyrir að vera ekki búnir að velja lag. Ísak bendir á að það sé samt ekkert gott að vera spáð sigri svona snemma og tekur dæmi frá 2014 þegar Conchita Wurst kom, sá og sigraði þvert á spár og 2017 var keppnin nánast formsatriði fyrir Ítali en Portúgalinn Salvador Sobral söng sig inn í hjörtu Evrópubúa. „Núna er staðan þannig að allt getur gerst.

Það er erfitt að toppa of snemma því það er svo margt sem getur gerst. Það kæmi mér ekkert á óvart ef sigurinn yrði finnskur í vor. Ég held að það sé gott fyrir Eurovision-aðdáendur að bóka Finnland á næsta ári missi fólk af Liverpool," segir Ísak en Finnar senda lagið Cha cha cha. ■

Síðari riðill Eurovision

Land	Flytjandi
Armenía	Brunette
Belgía	Gustaph
Kýpur	Andrew Lambrou
Danmörk	Reiley
Eistland	Alika
Grikkland	Victor Vernicos
Ísland	Diljá
Rúmenía	Theodor Andrei
Albanía	Albina & Familja Kelmendi
Ástralía	Voyager
Austurríki	Teya and Salena
Georgía	Iru Khechanovi
Litáen	Monika Linkytė
Pólland	Blanka
San Marínó	Piqued Jacks
Slóvenía	Joker Out

> Það kæmi mér lítið á óvart ef Diljá yrði í topp þremur í undankeppninni.

Ísak Pálmason, formaður FÁSES

UM 10.000 BÖRN BÚA VIÐ FÁTÆKT Á ÍSLANDI

Skorum á stjórnvöld að uppræta
fátækt barna á Íslandi

Skrifaðu undir núna

www.barnaheill.is/10.000

Barnaheill

NEYTENDUR

Framlegð smásala hækkar meira en heildsala. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Framlegð eykst í dagvörusölu

ser@frettabladid.is

Framlegð íslenskra dagvörusala jókst um 29 af hundraði á árunum 2017 til 2021 en á sama tímabili jókst framlegð heildsala um 14 prósent.

Þetta eru helstu niðurstöður í samantekt Samkeppniseftirlitsins um þróun verðlags hér á landi.

Framlegð varpar ljósi á hvernig sala hefur áhrif á arðsemi. Framlegð er notuð yfir tekjur að frádregnum breytilegum kostnaði.

Eftir að fastur kostnaður hefur verið dreginn frá framlegðinni stendur eftir hagnaður eða tap. Hærri framlegð skilar því meiri arðsemi að því gefnu að fastur kostnaður hækki ekki. ■

Verðgildi krónunnar minnkar nú hratt. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fimmföldun verðbólgunnar

ser@frettabladid.is

Verðbólga á Íslandi hefur fimmfaldast á síðustu þremur árum, að því er fram kemur á vef Hagstofunnar.

Verðbólgan var innan við tvö prósent í ársbyrjun 2020 og hafði þá farið lækkandi allt árið á undan.

Hún var hins vegar komin í tíu prósent um mitt síðasta ár, gaf lítillega eftir fram á haust, en mælist nú í fyrsta skipti yfir tíu prósentum, sem er það mesta frá september 2009. ■

HEIMILISBÓKHALDIÐ

299 kr./109 kr.
Hálfur lítri af klaka í Corner Market í Aðalstræti vs. Bónus.

29.700 kr.
Íslensk lopapeysa í Thorvaldsen í Austurstræti.

899 kr.
Kílóið af heilum ferskum Bónus-kjúklingi í Bónus.

8,34%
Breytilegir vextir á óverðtryggðum húsnæðislánum Arion banka.

Villtavestursástand á læknastofum

Eftir að samningar milli sérgreinalækna og Sjúkratrygginga runnu út hafa læknar sett á sérstök komugjöld, bæði á viðtöl og aðgerðir. Gagnsæið er lítið og munur milli læknastofa mikill.

kristinnhaukur@frettabladid.is



Sjúklingar komast oft að kostnaðinum eftir viðtal eða aðgerð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Villtavestursástand ríkir á einkareknum læknastofum þegar kemur að svokölluðum komugjöldum. Gjöldum sem flestir sérgreinalæknar innheimta vegna þess að ekki hafa náðst samningar við Sjúkratryggingar. Þessi gjöld eru utan við greiðsluþátttökukerfi ríkisins, eru afar mishá og eru í fæstum tilvikum sýnileg á vefsíðum stofanna.

Flestar stofur rukka fast gjald fyrir viðtöl við lækna. Þá eru einnig rukkuð aukagjöld ofan á gjöld fyrir ýmsar aðgerðir eða þjónustu sem stofurnar veita. Þessi gjöld geta hlaupið á tugum þúsunda króna og sjúklingar vita ekki alltaf af þeim fyrr en í lok læknisheimsóknar. Á einni stofunni sem Fréttablaðið hafði samband við símleiðis, vegna þess að ekki fundust upplýsingar á netinu, fengust þau svör að gjöldin væru á bilinu 500 til 27 þúsund krónur.

„Það má segja að þetta sé villta vestrið," segir Emil Thoroddsen, framkvæmdastjóri Gigtarfélags Íslands. Hann segir að þessi gjöld leggist þyngst á sinn hóp, fólk með stoðkerfisvanda og gigtarsjúkdóma. Ekkert líffæri mannsins sé óhult fyrir gigt og því þurfi þessir sjúklingar að leita til margra sérgreinalækna. Sjálfur fer hann á bilinu sex til átta sinnum til læknis á ári og er hjá sjúkraþjálfara vikulega, en þeir innheimta einnig komugjöld.

„Við þekkjum dæmi um að fjölskyldur séu að borga 50 þúsund krónur á mánuði," segir Emil um komugjöldin. Hann segir það öruggt að einhverjir sjúklingar þurfi að neita sér um læknisþjónustu út af þessum gjöldum.

„Ástandið er algjörlega ómögulegt fyrir veikt fólk," segir Oddný Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, sem lagt hefur fram frumvarp til að laga ástandið. Samkvæmt því megi sérgreinalæknar ekki undir neinum kringumstæðum rukka aukagjöld fái þeir endurgreiðslur úr ríkissjóði. Ef samningar hafa verið lausir í níu mánuði verði að vísa deilunni í gerðardóm.

Ragnar Freyr Ingvarsson, formaður Læknafélags Reykjavíkur

Emil Thoroddsen, framkvæmdastjóri Gigtarfélagsins

Oddný Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar

Oddný segir að höggva verði á hnútinn því enginn hvati sé hjá ríkinu til að semja. Ríkið vilji ekki borga og læknar geti rukkað sjúklingana.

„Fólk sem er veikt þarf að taka upp veskið og greiða fleiri þúsundir fyrir algengar rannsóknir og læknisheimsóknir," segir Oddný. Markmið heilbrigðislaga og laga um Sjúkratryggingar sé að heilbrigðisþjónusta sé aðgengileg öllum óháð efnahag en það sé ekki að nást. Bæði einkareksturinn og opinberi reksturinn verði að virka til þess að það náist.

Komugjöld á nokkrum læknastofum

Læknastöð	Komugjald viðtal	Komugjöld annað
Læknastöðin Glæsibæ	3.000	8.000 fyrir speglanir
Handlæknastöðin Glæsibæ	Á ekki við	20% af aðgerðum
Klínikin Ármúla	1.000 til 2.000	
Læknastöðin Sogavegi	Læknar innheimta sjálfir	
Lækning Lágmúla	500 til 27.000	
Meltingarsetrið Bíldshöfða	4.000	12–22.000 fyrir speglanir
Domus Læknar Hlíðasmára	5.390	
Hjartamiðstöðin Holtasmára	4.500	1.700–25.000
Læknastöðin í Mjódd	3.000	8–13.000
Læknastöðin Orkuhúsinu	5.000	20–60.000

„Við höfum núna verið samningslaus í fjögur ár, tvo mánuði og sjö daga," segir Ragnar Freyr Ingvarsson, formaður Læknafélags Reykjavíkur, sem situr í samninganefnd gagnvart Sjúkratryggingum. Hann segir að óformlegar þreifingar hafi verið í gangi síðan í október en þar áður hafi ekkert samtal átt sér stað í tíu mánuði. Það muni koma í ljós á næstu vikum hvort eiginlegar samningaviðræður hefjist.

„Ríkið getur ekki ákveðið sig hvað það vill greiða fyrir þjónustuna eða hversu mikla þjónustu það vill kaupa," segir Ragnar um hvar hnífurinn standi í kúnni.

Endurgreiðslureglugerð ráðherra hafi verið sett í janúar árið 2019 og verð til lækna ekki hækkað síðan í janúar 2020. Einingaverð heilbrigðisþjónustu sé 439 krónur en ætti að vera 596 krónur miðað við vísitöluhækkanir síðustu þriggja ára.

Þessi mismunur sé ástæðan fyrir komugjöldunum, sem og að ný tækni sem hefur bæst við þjónustu lækna hafi ekki verið bætt inn í gjaldskrá Sjúkratrygginga. En gjaldskráin hefur ekki tekið neinum raunverulegum breytingum í rúman áratug. Læknar hafa því þurft að búa sjálfir til nýja gjaldaliði sem endurspegla þjónustuna.

Ragnar tekur undir að ógagnsæið sé slæmt en bendir á að læknar megi ekki hafa neitt samráð. Þeir séu einnig að selja ólíka þjónustu. „Ég væri ekki í þessu nema ef ég væri bjartsýnn maður," segir Ragnar. „Ég tók að mér formennsku í Læknafélagi Reykjavíkur aðallega til þess að reyna að leiðrétta þessi mál því þetta bitnar fyrst og fremst á sjúklingum. Sérstaklega þeim sem hafa lítið á milli handanna." ■

Útilokað að segja hvort fleiri fylgi fordæmi um verðlækkun

gar@frettabladid.is

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ), segist ekki geta sagt til um hvort einhver aðildarfyrirtæki samtakanna lækki verð á vörum sínum og þjónustu í þeim tilgangi að stemma stigu við verðbólgu hérlendis.

Fyrirtækið Bestseller tilkynnti í gær að verð yrði lækkað um tíu prósent í mars í viðleitni til að hemja verðbólguna. Bestseller rekur fataverslanirnar Vero Moda, Jack & Jones, VILA, Selected og Name It.

„Það er okkar skoðun að allir verði að leggja sitt af mörkum til að draga úr verðlagshækkunum og hægja á þeirri verðlagsþróun sem við höfum séð undanfarna mánuði. Við skorum á önnur fyrirtæki að gera slíkt hið sama," var haft eftir Hrefnu Lind Heimisdóttur, framkvæmdastjóri Bestseller, í tilkynningu.

„Þegar kemur að verðlagningu vöru er það algjörlega ákvörðun hvers fyrirtækis fyrir sig," segir Andrés. „Við verðum að gæta okkar mjög í opinberri umræðu um þessi mál til að gefa ekki til kynna að við

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu

séum að leiðbeina fyrirtækjum um verðlagningu, það megum við ekki gera."

Þannig segir Andrés engar tilkynningar hafa borist SVÞ um verðlækkanir enda væri slíkt óeðlilegt. Hann hafi heldur ekki heyrt neitt óformlega um slík áform.

„Við vitum að í þessu krefjandi umhverfi sem öll fyrirtæki eru í núna, í þessari verðbólgu, í þessari vaxtahækkun og við þessar gífurlegu hækkanir á erlendum aðföngum sem við höfum verið að glíma við alveg síðan í upphafi Covid og með stríðinu, þá hafa fyrirtæki í verslun og þjónustu lagt sig í framkróka við að halda verðhækkunum eins mikið í skefjum og kostur er," segir Andrés.

Spurður hvort þetta þýði að enn séu innbyggðar og óútleystar verðhækkanir í pípum innflytjenda og verslana kveður Andrés einfaldlega útilokað að segja til um hvort hækkunin sé komin fram að öllu leyti.

„Við getum ekkert sagt um það. Við höfum séð að hráefnisverð hefur farið lækkandi á heimsmarkaði frá því á seinni hluta síðasta árs. Ég held að allir innflytjendur vöru geti úttalað sig um það að þær hækkanir sem þeir hafa orðið fyrir af þessum ástæðum sem ég nefndi voru meiri en menn hafa séð árum saman. Hvort þær eru að öllu leyti komnar fram núna er bara ekki nokkur leið fyrir okkur að meta," segir Andrés Magnússon. ■

Vill sanngjarnari skiptingu stærri köku

Við Íslendingar þurfum að tvöfalda orkuvinnslu okkar í tengslum við orkuskiptin og heimurinn þarf að áttfalda vinnslu endurnýjanlegrar orku á svæðum sem ekki búa yfir sömu náttúruauðlindum og finnast hér á landi, segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar.

olafur@frettabladid.is

Nær allir erlendir ferðamenn eru jákvæðir gagnvart orkuvinnslunni hér á landi og líta á orkumannvirki sem hluta þeirrar náttúru sem þeir sækjast eftir. Orkuvinnslan styður við ferðaþjónustu. MYND/LANDSVIRKJUN

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að miðað við núverandi aðstæður þurfi að tvöfalda orkuvinnslu hér á landi í tengslum við orkuskiptin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Landsvirkjun hefur lækkað skuldir um 70 prósent frá 2010 ásamt því að reisa fjórar virkjanir. Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir fyrirtækið vera á ákveðnum kaflaskilum og geta nú farið að skila meiru til þjóðarinnar í gegnum arð- og skattgreiðslur.

Hörður var gestur í Markaðnum á Hringbraut í gærkvöldi. Hann sagði að lagt yrði til við aðalfund fyrirtækisins að 20 milljarðar verði greiddir í arð til ríkisins. Greiðslur til eigandans, ríkisins, á þessu ári muni því nema alls um 50 milljörðum þar sem Landsvirkjun greiði um 30 milljarða í skatta. Þessi heildarfjárhæð er nálægt því að vera fimm prósent af heildartekjum ríkisins á þessu ári.

Hörður segir skattgreiðslur Landsvirkjunar á þessu ári vera óvenju háar vegna sölu Landsnets á síðasta ári. „Við erum stolt af því að skila þessu til þjóðarinnar."

Skuldahlutfall Landsvirkjunar hefur lækkað mikið frá árinu 2010.

„Þegar við lögðum af stað 2010 var fyrirtækið mjög skuldsett, skuldahlutfallið var um 12 sinnum EBITDA, og það var bara mjög erfitt að fjármagna fyrirtækið. Við stefndum að því að koma þessu undir þrjá en gerðum gott betur, fórum niður í 1,85 sinnum EBITDA um síðustu áramót sem er mjög sambærilegt við það sem gerist hjá mjög sterkum orkufyrirtækjum í Skandinavíu," segir Hörður.

Bæði spara og virkja

Ekki veitir af sterkri fjárhagsstöðu þar sem fram undan eru mikil verkefni, meðal annars tengd orkuskiptunum.

„Þjóðin er í dag að nota um milljón tonn af olíu á hverju ári sem við flytjum inn. Þessi orka er framleidd með mjög óumhverfisvænum hætti annars staðar, veldur mikilli losun á gróðurhúsalofttegundum. Stjórnvöld hafa gert skuldbindingar um að hætta að nota jarðefnaeldsneyti, auk þess sem það er pólitískt markmið. Til að mæta því þarf umtalsvert magn af orku. Mikilvægt er að spara orku og margt er hægt að gera," segir Hörður.

„Við þurfum að breyta neysluvenjum okkar líka til að draga úr orkunotkun, en það breytir ekki verkefninu, sem er að það þarf umtalsvert magn af endurnýjanlegri orku. Út frá þróun tækni má velta fyrir sér hversu mikið við þurfum en það breytir því ekki að við verðum að leggja af stað út frá þeim möguleikum sem við höfum, út frá þeirri þörf sem samfélagið hefur og við þurfum að fá þverpólitíska sátt um það eins og við sjáum í flestum nágrannalöndum okkar."

Um þau sjónarmið að ekki sé þörf á frekari virkjunum vegna þess að næg orka sé til í landinu, einungis þurfi að loka stóriðju hér á landi, hefur Hörður þetta að segja:

„Ég er ósammála þessu. Í fyrsta lagi má benda á að Landsvirkjun var með hagnað af undirliggjandi starfsemi upp á 45 milljarða á síðasta ári. Þann hagnað má nánast allan rekja til stóriðjunnar. Þetta eru öflug fyrirtæki sem eru styrkar stoðir í samfélögunum."

Hörður bætir því við að þessi fyrirtæki séu með langtímasamninga sem beri að virða. „Ég held líka, ef við horfum út frá samfélagslegri ábyrgð, að það að flytja framleiðslu annað til að losa orku fyrir orkuskiptin, ef allar þjóðir hugsuðu svona, leysum við ekki loftslagsvána.

> Þann hagnað má nánast allan rekja til stóriðjunnar. Þetta eru öflug fyrirtæki sem eru styrkar stoðir í samfélögunum.

> Ég held hins vegar að þessar sterku atvinnugreinar, ferðaþjónustan og orkuvinnslan, styðji hvor aðra.

Við höfum góð tækifæri til orkuvinnslu. Það er mikil sátt um orkuvinnsluna á Íslandi og stóriðjan er hluti af framtíðinni. Stóriðjan mun hins vegar loka einhvern tímann," segir Hörður, „það er alveg ljóst. Sagan segir okkur að allar verksmiðjur sem eru byggðar munu loka á endanum. En það er ákvörðun eigendanna sem þarf að vera út frá almennum rekstrarskilyrðum í landinu. Við getum ekki, samkvæmt lögum, sett einhverjar íþyngjandi reglur um að selja einhverju einu fyrirtæki ekki orku. Slíkt stenst ekki alþjóðalög, enda er það mjög óskynsamlegt viðskiptalega, samfélagslega og umhverfislega."

Hörður segir að þótt talað sé um stóriðjuna sem hér starfar sem alþjóðleg fyrirtæki séu þetta einfaldlega íslensk fyrirtæki sem starfa hér á landi þó að þau séu í eigu erlendra aðila. „Þarna finnst mér pólitíkin þurfa að marka stefnuna. Ég hef ekki hitt neinn stjórnmálamann sem sér þetta sem hluta af lausninni."

Sátt um starfsemina

Niðurstöður nýlegrar skoðanakönnunar, sem Landsvirkjun fól Gallup að gera um afstöðu fólks til fyrirtækisins, orkuvinnslu og virkjana, voru kynntar á ársfundinum í fyrradag.

Hörður segir Landsvirkjun hafa lagt mikla áherslu á það í sinni vegferð að auka sátt um starfsemi fyrirtækisins með mjög öflugri upplýsingagjöf og með því að hlusta á samfélagið og taka tillit til sjónarmiða í nærsamfélögum. „Við finnum mjög sterkan meðbyr með fyrirtækinu og það endurspeglast í þessum könnunum, bæði það sem gert var á landsvísu og ekki síður þegar við horfum til nærsamfélaganna þar sem mælist gríðarlega sterkur stuðningur við virkjanirnar. Almennt er um 80 prósenta stuðningur og á bilinu 2–5 prósent neikvæð og nálægt 15 prósentum sem hafa ekki skoðun. Við erum mjög stolt af þessum niðurstöðum en teljum okkur líka hafa lagt inn fyrir þeim."

Nú hefur komið í ljós að erlendir ferðamenn hafa mikinn áhuga á vinnslu grænnar orku hér á Íslandi og eru mjög jákvæðir gagnvart henni.

„Við höfum alltaf fundið mikinn áhuga ferðamanna á orkunni okkar og orkukerfinu okkar og aðdáun á því hvernig við Íslendingar höfum þróað okkar orkukerfi, húshitun og raforkuframleiðsluna. Það eru aðilar sem hafa haldið því fram að við þurfum að velja milli frekari orkuvinnslu og hvort við fáum ferðamenn," segir Hörður.

„Þessi sjónarmið hafa aldrei verið studd með gögnum. Mér vitanlega hafa ferðamenn aldrei verið spurðir að þessu þannig að við ákváðum að spyrja og fengum Gallup til að gera það. Niðurstöðurnar voru mjög afgerandi því að 99 prósent ferðamanna eru mjög jákvæð gagnvart orkuvinnslunni og hún hefur jákvæð áhrif á þeirra upplifun af náttúrunni."

Landsvirkjun er með gestastofur fyrir ferðamenn á tveimur stöðum, á Ljósafossi og við Kröflu. Hörður segir þær vinsælar en upplifunin felist ekki síður í því að koma og keyra um svæðin og sjá mannvirkin. „Flest okkar stærstu mannvirki eru á hálendinu og eru hluti af landslaginu þar, til dæmis stór uppistöðulón."

Hörður segir að vanda verði mjög til verka og passa vel upp á hvaða land er tekið undir orkuvinnslu. „Ég vil alls ekki gera lítið úr því. Ég held hins vegar að þessar sterku atvinnugreinar, ferðaþjónustan og orkuvinnslan, styðji hvor aðra."

Nýlega gagnrýndi sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps það að vegna reglna um úthlutun úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga geti fjárhagsleg niðurstaða af virkjunum orðið neikvæð fyrir sveitarfélög þar sem virkjað er.

Hörður segir Landsvirkjun hafa átt í góðu samstarfi við Skeiða- og Gnúpverjahrepp og fleiri sveitarfélög í þessum efnum. „Við höfum verið í greiningarvinnu með þeim á þessum áhrifum. Svona heilt yfir eru áhrif okkar mjög jákvæð á sveitarfélögin og við erum mjög stolt af þeim gjöldum sem við greiðum til þeirra. Við erum oft og iðulega stærstu greiðendur opinberra gjalda í þessum sveitarfélögum, auk þess að vinna náið með þeim að innviðauppbyggingu eins og vegagerð og annað sem fer alveg saman. En ég deili alveg sjónarmiðum sveitarstjórans. Það þarf að endurskoða áhrif jöfnunarsjóðsins og ég veit að innviðaráðherra er að gera það."

Hörður segir jafnframt að Landsvirkjun hvetji til þess að ákveðin pólitísk stefnumörkun verði gerð. „Nú höfum við verið að stækka kökuna, stækka þann arð sem verður eftir í samfélaginu. Þetta hefur allt gerst í gegnum endursamninga við stórnotendurna, við álfyrirtækin og önnur stórfyrirtæki. Við höfum tekið þann slag á síðustu tólf árum. Þetta endurspeglast svo í sterkum fjárhag Landsvirkjunar sem aftur birtist í arðgreiðslum og skattgreiðslum til ríkisins. Við teljum rétt að spyrja hver sé sanngjörn skipting köku sem hefur stækkað. Er ekki skynsamlegt að nærsamfélög framkvæmdanna njóti meiri ávinnings í ljósi þessarar breyttu stöðu? Mín persónulega skoðun er að þau eigi að gera það," segir Hörður.

Hann segir pólitíska stefnumörkun verða að eiga sér stað í þessum efnum. „Lög um tekjustofna sveitarfélaga eru mjög ströng. Við megum ekki greiða sveitarfélögum þótt við viljum. Fyrir því þarf að vera lögbundið leyfi. En þetta er pólitísk stefnumörkun. Þetta er líka byggðastefna. Ef við ætlum að fara í þessa vegferð með orkuskiptunum þá þurfum við stuðning nærsamfélaga. Við höfum tækifæri til að gera þetta vel og ég deili þeim sjónarmiðum sveitarstjórans, í ljósi þess að stærri kaka er til skiptanna núna, að það sé skoðað."

Tvöföldun vinnslu í orkuskiptin

Hörður segir alla heimsbyggðina þurfa að gera átak í tengslum við orkuskiptin. Alþjóðaorkumálastofnunin telji að það þurfi að áttfalda endurnýjanlega orkuvinnslu í heiminum.

Spurður um það hve mikið við Íslendingar þurfum að auka orkuvinnslu okkar vegna orkuskiptanna segir Hörður þetta í raun vera tvískipt. Annars vegar sé það sem við berum ábyrgð á, landsskuldbindingar sem tengjast samfélagslosun. Þar sé um að ræða innanlandsakstur, fiskiskipin og innanlandsflug. Hins vegar séu millilandasiglingar og -flug sem ekki sé á ábyrgð Íslendinga, heldur í svokölluðu ETS-kerfi. Hvor hluti fyrir sig sé um það bil átta teravattsstundir.

„Heildarorkuvinnslan hjá okkur í dag er um það bil 20 teravattsstundir þannig að þetta tvennt slagar upp í þá orkuframleiðslu sem við erum með í dag. Það geta orðið tækninýjungar sem draga úr orkuþörf en að mínu mati ættum við að miða við í langtímastefnumótun að tvöfalda orkuvinnsluna. Það þarf hins vegar ekki að gerast á næstu tíu árum einfaldlega vegna þess að tæknin í orkuskiptunum er ekki til staðar. Mikil þróun þarf að eiga sér stað, sérstaklega í fluginu sem er um helmingur af þessum 16 teravattsstundum. Kostnaður við að gera rafeldsneyti er mjög hár og er kominn skammt á veg.

Síðan getum við alltaf endurskoðað. Langtímasýnin um hvað við þurfum er út frá bestu upplýsingum í dag. Það mun örugglega verða endurskoðað, vonandi til lækkunar ef við finnum leiðir til þess að nota minni orku. En í dag ættum við að horfa til tvöföldunar. Á sama tíma þarf heimurinn að áttfalda sína orkuvinnslu á svæðum sem hafa ekki sömu náttúruauðlindir og við." ■

Veröld sem var

Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Í einu áhrifamesta ritverki allra tíma ferðast austurríski stíljöfurinn Stefan Zweig frá þeirri vongleði sem skein úr andlitum Evrópumanna við dagsbrún síðustu aldar til þess örvænis sem lesa mátti úr sömu ásjónum um miðbik þessa sama árhundraðs.

Áfallið mikla var Zweig um megn. Lífslöngunin hvarf eftir endurtekin heimsstríð. Mannkynið gæti ekki búið í sátt og friði.

Ekki eru liðnir nema tveir áratugir af nýrri öld þegar Evrópubúar horfa fram á miskunnarlausa innrás Rússa í Úkraínu þar sem saklausir íbúar eru stráfelldir í heimahúsum og á götum úti – og þeir hinir sem eftir lifa hírast í sundurskotnum byggingum og neðanjarðarbyrgjum.

Sagan endurtekur sig. Enn einu sinni verður fólki hugsað um veröld sem var.

Líkurnar á að friðurinn sé úti á komandi tímum, eins og raunin var á síðustu öld, eru meiri en minni. Þjóðir heims eru að fylkja sér í tvær ólíkar fylkingar. Svo er nú komið að lýðræðið og andlýðræðið standa andspænis hvort öðru, grá fyrir járnum.

Ekki eru liðnir nema þrír áratugir frá því ríkin sem kenna sig við G7, Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Ítalía, Kanada, Japan og Þýskaland, höfðu yfir að ráða tvöfalt meiri herstyrk en hinar svokölluðu Briks-þjóðir, Brasilía, Rússland, Indland, Kína og Suður-Afríka, en þær hafa bundist sterkum böndum á síðustu áratugum.

En þróunin í vopnabúrinu er öll á einn veg. Þegar aldarfjórðungur er að verða liðinn af nýrri öld er álitið að herstyrkur G7-ríkjanna og Briks-hópsins sé álíka mikill. Hlutföllin hafa riðlast, þeim síðarnefndu í hag.

Og þau eiga eftir að riðlast enn frekar. Sérfræðingar í varnar- og öryggismálum telja allar líkur vera á því að um miðja öldina muni Briks-þjóðirnar ráða yfir helmingnum af öllum hergögnum þessa heims, en G7-löndin aðeins fimmtungnum af vígvélunum.

Þetta eru herfræðilegar hamfarir, slíkar eru og verða breytingarnar í hervæðingu heimskringlunnar á einum mannsaldri eða svo.

Til viðbótar verða Evrópubúar að rýna í mögulegar afleiðingar þess að Bandaríkin gangi úr skaftinu í þessum efnum. Augljóst er að þar í landi vaða uppi einangrunar- og aðskilnaðaröfl sem hafa ímugust á þeim opna og alþjóðlega heimi sem stjórnvöld í Washington hafa löngum trúað á.

Fjölmargir stjórnmálaskýrendur segja ekki lengur nokkra framtíð í því að byggja Atlantshafsbandalagið upp í kringum Bandaríkin. Evrópa verði að geta staðið á eigin fótum með varnir sínar og öryggi.

Og Ísland er þar á meðal. ■

> Þetta eru herfræðilegar hamfarir.

HALLDÓR



FRÁ DEGI TIL DAGS

kristinnhaukur@frettabladid.is

Milljarðamæringar
Mál málanna núna er rifrildi tveggja milljarðamæringa á netinu. Einn góður milljarðamæringur og einn vondur milljarðamæringur. Rifrildið snerist um hvort sá góði hefði vinnu hjá hinum vonda eða ekki. Eins og milljarðamæringar þurfi yfir höfuð að hafa vinnu. Þeir eiga milljarða. Allavega, þá endaði rifrildið vel. Vondi milljarðamæringurinn bað þann góða afsökunar á framferði sínu og bauð honum að halda áfram að vinna hjá sér. Góði milljarðamæringurinn er nú að íhuga það. Já, það er gott að þessi saga endaði vel. Sérstaklega fyrir okkur Íslendinga sem eigum eins vegabréf og góði milljarðamæringurinn. Nú getum við farið út í daginn sátt og haldið brauðstritinu áfram.

The Last of Us
Verkfræðistofan Efla hefur fundið enn eitt mygluhreiðrið, núna heilsugæslustöðina á Akureyri. Virðist svo sem ekki ein einasta bygging sé óhult fyrir þessu, sérstaklega ekki opinberar byggingar, meira segja ekki á Akureyri. Íslendingar hafa nú mikinn áhuga á myglu. Svo mikinn að þeir horfa stíft á sjónvarpsþætti um hana. The Last of Us fjallar um heimsyfirráð myglusvepps og hvernig sveppurinn stjórnar heilum fólks. Kannski verður þetta raunin. Eða ... kannski er sveppurinn nú þegar búinn að taka yfir og farinn að stýra hegðun okkar. ■

Kári blásinn af

Kolbrún Baldursdóttir
oddviti Flokks fólksins í borgarstjórn

Nú hefur Sorpa viðurkennt mistök við byggingu flokkunarstöðvar í Álfsnesi. Framkvæmdastjóri segir að mistök hafi verið gerð þegar ákveðið var að kaupa flokkunarkerfi sem vitað var að myndi ekki skila af sér nothæfri moltu. Takið eftir! „Vitað var að flokkunarkerfið myndi ekki skila af sér nothæfri moltu.“ Hver kaupir rándýrt flokkunarkerfi sem vitað er að skilar ekki nothæfu hráefni til moltugerðar? Það gerði Sorpa.

Milljarður er farinn í súginn hjá Sorpu. Reyndar hafði stjórn Sorpu mikla trú á þessu flokkunarkerfi í byrjun. Bundnar voru einnig væntingar við vindflokkara sem Sorpa fjárfesti í. Vindflokkarinn er sérstakur vélbúnaður sem fékk nafnið Kári og átti hann að blása léttu plasti frá þyngra lífrænu efni. Þetta gekk reyndar aldrei almennilega og ef rétt er munað bilaði Kári. Nú hefur Kári verið blásinn endanlega af og einnig móttöku- og flokkunarstöðin í Álfsnesi eins og hún leggur sig. Skella á í lás því aldrei mun koma nothæf molta út úr framkvæmdinni og eru mistök viðurkennd.

> Hver kaupir rándýrt flokkunarkerfi sem vitað er að skilar ekki nothæfu hráefni til moltugerðar? Það gerði Sorpa.

Stjórn hlustaði ekki á varnaðarorð
Við þessu var margsinnis varað meðal annars af borgarfulltrúa Flokks fólksins sem fékk fátt annað en bágt fyrir frá meirihlutanum og fulltrúa borgarinnar í stjórn Sorpu. Hér má vísa í eina af mörgum bókunum Flokks fólksins frá 2021 þar sem varað er við að aldrei komi nothæf molta út úr þessu kerfi:

„GAJU var lýst sem töfrabragði, átti að geta tekið blandað sorp og gert úr því hágæða moltu. Fyrir utan Kára átti að veiða málma úr sorpinu með segli, en aðeins járni er hægt að ná með segli. Stjórn Sorpu hlustaði ekki á varnarorð. Niðurstaðan varð plastmenguð molta með málmum og gleri, mengun langt yfir viðmiði. Sorpa hindraði aðgengi að gögnum. Sorpa neitaði að afhenda sýni. Gögn voru loks afhent sem sýndu að 1,7% af moltu var plast, 2 mm eða stærra. Viðmiðið á að vera 0,5%. Moltan var með öllu ónothæf. GAJU-ævintýrið, þessi hluti alla vega, var bara draumsýn sem kostað hefur borgarbúa og aðra eigendur Sorpu ómælt fé.“ ■

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Lovísa Arnardóttir *lovisa@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út fimm daga í viku og hægt er að nálgast það ókeypis á 120 fjölförnum stöðum á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum, Árborg, Ölfusi, Akranesi, Borgarnesi, Akureyri og víðar. Að auki er blaðið aðgengilegt í pdf-formi og í appi. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is.* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Þorvaldur S. Helgason *tsh@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Vinskapur án áttavita

Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson

Stjórnmálafræðingar segja gjarnan að styrkur stjórnarsamstarfsins felist í vináttu formanna Sjálfstæðisflokks og VG. Á hinn bóginn ræða þeir sjaldnar um pólitíska stefnu þessarar vináttu.

Myndin sem við blasir er þessi: Við búum við samstæða ríkisstjórn, sem byggir á vináttu en hefur ekki pólitískan áttavita.

Nú má ekki gera lítið úr því að traust skiptir máli við ríkisstjórnarborðið. En ríkisstjórn án pólitíkur breytir ekki miklu og er enn fremur ólíkleg til að leysa efnahagsvanda og færa Ísland fram á við, hvort sem horft er frá hægri eða vinstri.

Eftir kosningarnar 2017 var erfitt að mynda annars konar ríkisstjórn. Hins vegar var galopið eftir kosningarnar 2021 að mynda ríkisstjórn um pólitíska stefnu. En þá völdu formenn Sjálfstæðisflokks og VG vináttu fram yfir pólitík.

Breytingar

Nú hafa skoðanakannanir í langan tíma sýnt afgerandi breytingar á fylgi flokka. Samfylkingin hefur meir en tvöfaldað fylgi sitt með því að taka málefnalega sömu stöðu og VG fyrir kosningarnar 2017.

Í stjórnarandstöðunni að öðru leyti hefur Viðreisn haldið kjörfylgi en aðrir flokkar heldur gefið eftir.

Þrátt fyrir vináttu er giftu flokkanna við ríkisstjórnarborðið líka misskipt. Fylgi forystuflokks ríkisstjórnarinnar hrynur. Framsókn missir fylgisaukninguna frá síðustu kosningum. En Sjálfstæðisflokkurinn heldur sínu fylgi að mestu.

Margir skýra þetta misgengi með því að VG hafi gefið miklu meira eftir en Sjálfstæðisflokkurinn. Í raun sýnist þó hafa verið ágætt jafnvægi í gagnkvæmu neitunarvaldi jaðarflokkanna.

Tap Framsóknar gæti skýrst af því að hún hefur ekki skapað sér sjálfstæða stöðu í samstarfinu.

Jafnvægi

Í utanríkismálum hefur Sjálfstæðisflokkurinn haldið vel á sínum hlut. VG kyngdi NATO í verki, sem lengi hafði þó verið veruleiki.

Aftur á móti fékk VG ráðið því að endurskoðun þjóðaröryggisstefnunnar, sem heyrir undir forsætisráðherra, snerist einvörðungu um almannavarnir en ekki hervarnir og öryggi á stríðstímum í Evrópu. Í þeirri umræðu tapaði Sjálfstæðisflokkurinn forystuhlutverkinu til Viðreisnar.

Í ríkisfjármálum hafa ráðherrar

Sjálfstæðisflokksins sætt mikilli gagnrýni úr eigin röðum, einkum í atvinnulífinu, fyrir að kynda undir verðbólgu með eyðslu umfram efni.

Á þessu sviði virðist VG ráða meir um aukin útgjöldin en Sjálfstæðisflokkurinn meir um lækkun skatta. VG fékk þó hækkun á fjármagnstekjuskatti. Þingmenn sjálfstæðismanna gagnrýna svo fjármálaráðherra stöðugt fyrir fjölgun ríkisstarfsmanna og staðhæfa að hann hafi hækkað laun þeirra umfram aðra.

Heildarmynd ríkisfjármálanna bendir þannig til þess að VG hafi síður en svo haft minni áhrif en Sjálfstæðisflokkurinn.

Halli

Í virkjanamálum ræður kyrrstöðustefna VG för. Það veldur því að ríkisstjórnin hefur litlum árangri náð í orkuskiptum. Fyrri hluta samstarfsins réði hugmyndafræði VG öllu í heilbrigðismálum með óleystum afleiðingum. Í báðum tilvikum hallar verulega á Sjálfstæðisflokkinn.

Aftur á móti hallar á VG í innflytjendamálum, sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur stýrt. Eins er með sjávarútvegsmálin þó að þau hafi flust yfir til VG.

Áfangaskipt endurskoðun stjórnarskrárinnar er stórt mál, sem VG fór af stað með. Sjálfstæðisflokkurinn ýtti því út af borðinu.

Misgengið

Að þessu virtu verður tæpast sagt að misgengið stafi af því að málefnaleg slagsíða sé öll þeim megin sem VG stendur.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur gefið eftir í köldum kjarnamálum. VG hefur hins vegar látið í minni pokann í tilfinningaríkari málum. Það gæti skýrt misgengið að hluta.

Helsta skýringin er þó líklega sú að forsætisráðherra hefur nokkuð oft þurft að nota betri trúverðugleikainnistæðu sína til að bjarga ráðherrum samstarfsflokkanna þegar þeir hafa komið sér í vandræði. Stundum hefðu þeir hreinlega ekki bjargast án vinarbragðs.

Kjósendur VG eru skiljanlega síður sáttir með þessi bjargráð en kjósendur samstarfsflokkanna.

> En ríkisstjórn án pólitíkur breytir ekki miklu og er enn fremur ólíkleg til að leysa efnahagsvanda og færa Ísland fram á við, hvort sem horft er frá hægri eða vinstri.

Biðtími

Á fundi VG í fyrrahaust sagði varaformaðurinn að flokkurinn myndi sækjast eftir vinstra samstarfi eftir næstu kosningar.

Á dögunum sagði varaformaður Sjálfstæðisflokksins aðspurð að hún væri orðin svolítið þyrst í meira hægri.

Þannig virðist framtíðarforysta flokkanna fremur horfa til samstarfs um pólitík en vináttu. En þessi ummæli segja líka að tíminn til kosninga verði bið eftir nýrri pólitískri forystu. Það er dýr biðtími. ■

Traust til lýðræðisins

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
oddviti Viðreisnar og forseti borgarstjórnar

Traust var rætt í borgarstjórnarfundi í vikunni. Traust er mikilvægt en það fer dvínandi í heiminum. Sérstaklega traust til opinberra aðila sem áður var mikið en er nú lítið. Samsæriskenningar lifa góðu lífi og popúlismi og jaðarskoðanir grassera um allan heim. Við lifum sannarlega á sérstökum tímum sem á síðar eftir að vera lýst sem tímabili öfga, þjóðernispopúlisma og stríða. Og hvers vegna skrifa ég um þetta hér í tengslum við traust til borgarstjórnar? Jú, það er vegna þess að mitt í þessu umróti lifum við og hrærumst. Alla daga fáum við fréttir, fáum ekki fréttir og fáum falsfréttir með gríðarlegum fyrirsögnum.

Á dögunum var kynnt könnun Gallup á trausti til stofnana og embætta. Í þeim gögnum kemur í ljós að traust til borgarstjórnar hefur minnkað á milli ára og er það áhyggjuefni. Borgarbúar eru þó tvöfalt líklegri til að treysta borgarstjórn en íbúar nágrannasveitarfélaganna og þrefalt líklegri en fólk á landsbyggðinni. Auðvelt er að detta í þá gryfju að halda að mælingar á trausti séu beintengdar dægurmálum eins og snjómokstri eða viðhaldsmálum í skólum og leikskólum. En mæling á trausti er flóknari en svo.

> Auðvelt er að detta í þá gryfju að halda að mælingar á trausti séu beintengdar dægurmálum eins og snjómokstri eða viðhaldsmálum í skólum og leikskólum.

Hvað getum við gert?

Ég átta mig vel á að almennt dvínandi traust til opinberra stofnana er mun stærra mál en traust til borgarstjórnar Reykjavíkur, en sem forseti borgarstjórnar vil ég taka til mín hvað getum við gert betur í Reykjavík.

Pólitík er pólitík en ég sé að við getum gert mikið. Í borgarstjórn, fagráðum og nefndum vinnum við saman. Langoftast í sátt og samlyndi en samt virðast landsmenn halda að hér séum við að rífast og þræta alla daga.

Ég vil stuðla að góðum samskiptum sem byggjast á virðingu. Við verðum seint sammála, öll í borgarstjórn. Hér tökum við þúsund og eina ákvörðun alla daga. Um þær eru mismunandi skoðanir, alls ekki alltaf sem allir eru sáttir og þannig verður það alltaf. En við getum hins vegar viðhaft góð samskipti og virðingu fyrir hvert öðru, fyrir þjónustu borgarinnar, fyrir starfsfólki, talað máli borgarinnar, talað vel um þjónustu borgarinnar, vel um starfsfólkið og vel um borgarfulltrúa allra flokka. Við erum öll samábyrg. Við getum öll haft áhrif á það að breyta þessu ef við viljum. Það verður ekki gert með því að benda í allar áttir. Það er í okkar höndum ef við viljum auka traust íbúa borgarinnar.

Tökum höndum saman um að efla traust

Ég mun taka málið inn til forsætisnefndar Reykjavíkur þar sem ég vil gjarnan ræða hvað við getum gert saman til að traust til borgarstjórnar aukist. Þetta verkefni er þverpólitískt og okkur öllum í hag að auka traust Reykvíkinga. Við munum þar taka ríkið okkur til fyrirmyndar en fyrir liggur ítarleg vinna frá 2018 um eflingu trausts á stjórnmálum og stjórnsýslu frá forsætisráðuneytinu. Hér er um langtímaverkefni að ræða og ég tek það verkefni að mér heilshugar. ■

ESB og evran til bjargar

Diljá Mist Einarsdóttir
þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Á Íslandi er spenna í hagkerfinu og of mikil þensla. Það er vandamál af öðrum toga en flest samanburðarlönd okkar glíma við. Baráttan við verðbólguna sem er samfara of mikilli þenslu ætlar að vara lengur en við höfðum vonað. Það er til mikils að vinna að við náum henni niður, en við erum blessunarlega vel í stakk búin til að takast á við verðbólgu.

Því er hins vegar alltaf hægt að treysta á að ESB-þingmenn á Alþingi grípi öll tækifæri til að tengja viðfangsefni okkar og vandkvæði við aðild að Evrópusambandinu og upptöku evrunnar. Í því skyni finna þeir hagstæðustu dæmin í hverju landi, en vísa svo gjarnan almennt í ESB eða evrusvæðið um þessi dæmi.

Við getum verið sammála um að hér er allt of há verðbólga. Verðbólgan er þó um 10%, sem er sama tala og meðalverðbólgan í ESB, en á því svæði er verðbólgan hæst yfir 26% um þessar mundir.

Þrátt fyrir verðbólgu og aðrar áskoranir hefur kaupmáttur allra tekjuhópa aukist hér verulega á síðustu árum. Laun á Íslandi eru mjög há í alþjóðlegum samanburði og hafa hækkað hér u.þ.b. tvöfalt meira á undanförnum árum en í helstu samanburðarríkjum. Tekjur íslenskra heimila hafa þannig aukist mikið og mun meira en sem nemur verðbólgu. Staða heimilanna birtist skýrt í þeirri staðreynd að vanskil heimilanna á lánum hafa ekki mælst lægri í langan tíma og aldrei hafa færri heimili átt erfitt með að ná endum saman.

Hér er atvinnustig jafnan hátt og atvinnuleysi í janúar síðastliðinn var 3,6%. Meðal atvinnuleysi á evrusvæðinu samkvæmt OECD var hins vegar 6,7% á sama tíma, þar af yfir 7% í Frakklandi og 13% á Spáni. Meðal atvinnuleysi ungs fólks á evrusvæðinu var reyndar tæp 15% á sama tíma.

Vegna hárra nafnvaxta hér eru lágir vextir algeng sölulína hjá ESB-sinnum nú sem fyrr. En eins og með svo margt annað innan ESB, þá er vaxtaprósentan þar eins misjöfn og löndin sem sambandið mynda. Ekki er því hægt að setja samasemmerki milli vaxta, og annarra lánskjara, og aðildar og ekki heldur myntar.

> Þar er umræða um orkukrísuna á meginlandinu þó sett til hliðar, sem ESB-leiðtogar bera mikla ábyrgð á og kostar marga íbúa ESB mánaðarlega reikninga sem nemur húsnæðisafborgun.

Vaxtaprósentan segir aukinheldur ekki alla söguna þar sem vextir eru mjög lágir. Meðal annars þarf að skoða hvort stöðnun ríkir í viðkomandi ríki. Samanburður á hagvexti í Evrópusambandinu og Íslandi telst langt í frá vera aðild til framdráttar, enda er hagvöxtur sjaldan ræddur af ESB-sinnum.

Lágur framfærslukostnaður er önnur vinsæl sölulína hjá ESB-sinnum. Þar er umræða um orkukrísuna á meginlandinu þó sett til hliðar, sem ESB-leiðtogar bera mikla ábyrgð á og kostar marga íbúa ESB mánaðarlega reikninga sem nemur húsnæðisafborgun.

Þeir sem halda að evran sé töfralausnin við öllum okkar vanda hljóta að klóra sér í hausnum yfir framangreindum staðreyndum. Og ef þetta er einfaldlega spenningur yfir nýrri skínandi mynt, af hverju skyldum við veðja á evru? Ekki er það vegna velgengni hagkerfa sem nota þá mynt. Ísland er auk þess útflutningsdrifið hagkerfi og Bandaríkjadollar er okkar langmikilvægasti viðskiptagjaldmiðill, af hverju tala sjálfnefndir alþjóðasinnar ekki fyrir upptöku dollara? Nú auðvitað af því að aðild að ESB hangir á spýtunni og í þeirri vegferð er bara hentugum upplýsingum haldið til haga. ■

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði
Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Nudd Nudd Nudd
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar.
Sími 694 7881, Janna.

Óska eftir manni með vinnuvélaréttindi
Looking for a man with a machine exam
Óska einnig eftir smið í vinnu eða manni sem hefur unnið við smíðar.
Upplýsingar í síma 893 5374
nybyggd@gmail.com

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA
Bjóðum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.
Góð þjónusta á sanngjörnu verði.
Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is
Rétta ráðgjafa- og bókhaldsþjónusta

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 9. mars 2023

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

Skrautsteinum prýtt andlit gefur glit og glampa í augu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Speglar sálar

thordisg@frettabladid.is

Áberandi „eyeliner“ er eitt af tískutrendum ársins, samkvæmt tískubiblíunni Vogue. Kattaraugu eru enn og aftur í tísku, þegar augnblýantur er sveigður upp til hliðanna við enda efra augnloks, en nú má gera gott betur og draga þykkan augnblýant út frá neðri augnkróknum líka þar sem hann sameinast línunni á augnlokinu. Þessi aðferð kallast „siren eyes“ og hefur verið einkar vinsæl á TikTok þar sem hún er sýnd af mörgum flinkum í förðun. Útkoman getur í senn orðið rómantísk í anda gotneskra tískustrauma eða svolítið lifuð og sjúskuð í anda „grunge“-tískunnar. Í dag eru nýjustu augnblýantarnir orðnir viðráðanlegri en áður, það er auðveldara að beita þeim og lúkkið helst lengur eftir alla fyrirhöfnina.

Andlitsskart er flott viðbót í förðun, hvort sem fólk vill setja glitrandi steina í kringum augnumgjörðina, stöku freknur eða glitrandi munstur á andlitið.

Augabrúnir eru látlausari og grennri en verið hefur og á tískupöllunum hefur færst í aukana að fyrirsætur séu með aflitaðar augabrúnir sem gerir þær næstum gegnsæjar. Sumir áhrifavaldar hafa gengið skrefinu lengra og rakað augabrúnirnar af, sem er enn eitt afbrigðið af tísku vors og sumars og leggur enn meiri áherslu á fallega málaða augnumgjörð. ■

Starfsfólk verslunarinnar leggur mikla ástríðu og metnað í að þjónusta og hjálpa viðskiptavinum. Á myndinni frá vinstri eru: Inga, Elísabet, Birta og Ingunn.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

Búðin sem hefur brotið blað í tískusögu landsins í tólf ár

Tískuverslunin Curvy fagnar tólf ára afmæli og býður í afmælisveislu um helgina. Verslunin sérhæfir sig í því að bjóða upp á falleg og vönduð tískuföt í fjölbreyttum stærðum. 2

Fríða segir það gaman að sjá hversu breiður aldurshópur sæki verslunina heim, en þar má finna fjölbreytt úrval af fallegum tískufatnaði.

Curvy er með frábært úrval af fallegum sundfatnaði og undirfötum.

Sumarflíkurnar eru komnar í Curvy og segir Fríða að dragtir í alls konar björtum og fallegum litum verði áberandi í vor og sumar.

Fríða Guðmundsdóttir stofnaði Curvy fyrir tólf árum þegar hún kom auga á að úrvalinu af tískufatnaði í fjölbreyttari stærðum var afar ábótavant á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Curvy býður í tólf ára afmælisveislu sem stendur yfir frá deginum í dag til sunnudags. Afslættir, gjafapokar og vinningar.

„Ótrúlegt en satt, þá byrjaði þetta allt í bílskúrnum árið 2011. Ég var 23 ára gömul og var að vinna sem grafískur hönnuður en hafði líka mikla reynslu af búðabransanum. Ég var nýbúin að eiga stelpuna mína, fann að líkaminn hafði breyst töluvert og það var orðið nánast ómögulegt fyrir mig að finna föt sem pössuðu og mér fannst flott," segir Fríða Guðmundsdóttir, eigandi Curvy.

Á þessum tíma hélt Fríða úti tískubloggi á netinu. „Þannig fann ég að það sem ég var að leita að var vissulega til, en bara ekki á Íslandi. Það voru kannski tvær eða þrjár verslanir á Íslandi sem buðu upp á fjölbreyttari stærðir og í mörgum tilfellum fannst mér sniðin og stíllinn á þeim klæðnaði ekki henta mér. Mér fannst vanta meiri fjölbreytni og þá snið sem gætu líka hentað yngri konum."

Draumurinn rætist

„Ég fann frá mörgum lesendum mínum að þeir voru sammála mér um að það vantaði meiri fjölbreytni í „plus size" tískuna á Íslandi og fann að það vantaði klárlega eitthvað á markaðinn á Íslandi. Draumurinn var alltaf að opna verslun og þarna sá ég tækifæri sem ég gat ekki hunsað. Ég bar þessa hugmynd undir mömmu sem fannst ég vera alveg galin, en gat þó ekki annað en haft trú á dóttur sinni sem var sannfærð um að þetta ætti eftir að slá í gegn. Eftir góðan tíma og mikla rannsóknarvinnu tók ég af skarið, hafði samband við nokkur erlend merki sem voru að fókusa á stærri stærðir og eftir það byrjaði boltinn að rúlla."

Árið 2011 fór curvy.is í loftið sem netverslun. „Fyrst átti þetta bara að vera netverslun en vatt svo fljótt upp á sig. Við enduðum á að innrétta bílskúr eins og litla búð og tókum þar á móti viðskiptavinum sem vildu fá að skoða vörurnar og máta. Ég fékk mjög mikla hjálp frá foreldrum mínum og má segja að þetta hafi þróast strax í að verða fjölskyldufyrirtæki," segir Fríða.

Breiður hópur viðskiptavina

Haustið 2012 var fyrsta fataverslun Curvy opnuð í Nóatúninu. „Síðan þá höfum við stækkað jafnt og þétt og flutt búðina í tvígang. Í dag er verslunin við Fellsmúla 26 og höfum við reglulega bætt við okkur fleiri merkjum, vöruflokkum og erum hvergi nærri hættar." Fyrst byrjaði verslunin með fatnað í stærðum 42–60 en smátt og smátt bættust við sundföt, íþróttaföt og breiðari skór. „Nú síðast bættust við undirfötin en þau komu mikið á óvart og hafa slegið þvílíkt í gegn hjá okkur.

Það er ótrúlega gaman að sjá hversu breiður aldurshópur kemur til okkar en það er ekki óalgengt að sjá mæðgur koma saman að versla. Svo höfum við árlega boðið upp á fermingarlínu sem hefur ávallt verið vel tekið. Við reynum líka að stilla verðinu í hóf en höfum því miður barist við verðhækkanir hjá birgjum eins og aðrar verslanir hér á landi. Sem betur fer höfum við náð að hagræða í rekstri til þess að halda verðhækkunum í lágmarki," segir Fríða.

Tólf ár í tískunni

Curvy fagnar tólf ára afmæli í ár. „Við hefjum afmælishelgina okkar strax í dag, fimmtudag, og verðum með léttar veitingar í búðinni. Þá ætlum við að bjóða 20% afslátt af öllum vörum út sunnudag. Fyrstu þrjátíu viðskiptavinir sem versla fyrir yfir 12 þúsund krónur fá gjafapoka og tveir heppnir geta unnið 20 þúsund króna gjafabréf. Svo verður líka smá sprell inni á samfélagsmiðlunum okkar í tilefni afmælisins þar sem við birtum vísbendingar um fjölda afsláttarmiða sem við felum um alla búð fyrir heppna viðskiptavini að finna."

> **Þetta viðfangsefni hefur verið mér mikið hugleikið í mörg ár og mér finnst rosalega mikilvægt að halda umræðunni gangandi um jákvæða líkamsmynd og að allir líkamar séu fallegir.**
>
> Fríða Guðmundsdóttir

Allir líkamar eru fallegir

Að sögn Fríðu hefur margt skemmtilegt átt sér stað síðustu tólf árin. „Við höfum verið óhræddar við að prufa nýja hluti til að vekja athygli á Curvy og því sem við stöndum fyrir. Sem dæmi tókum við þátt í verkefni með Siggu Lund árið 2013. Þar hélt ég fyrirlestur með fleiri góðum konum á námskeiði þar sem yfirskriftin var Líkamsvirðing – sjálfsvirðing: Frá átökum og öfgum yfir í vellíðan, virðingu og sátt. En þetta viðfangsefni hefur verið mér mikið hugleikið í mörg ár og mér finnst rosalega mikilvægt að halda umræðunni gangandi um jákvæða líkamsmynd og að allir líkamar séu fallegir. Við leggjum mikla áherslu á samfélagsmiðlana okkar og notum okkur sjálfar mjög mikið þegar við sýnum fötin á Instagram. Okkur finnst mikilvægt að hafa fjölbreyttar týpur og líkama sem sýna fötin.

Sem betur fer hefur úrvalið orðið töluvert betra hér á Íslandi á síðustu tólf árum. En það sem mér finnst við hafa fram yfir margar aðra verslanir er að starfsfólkið sem vinnur hjá okkur hefur svo mikla ástríðu og metnað til að þjónusta og hjálpa. Við tengjum algjörlega við þennan vanda að finna á sig föt sem passa og manni líður vel í. Viðskiptavinir okkar eru mjög ánægðir með að hafa það úrval og þann valkost sem Curvy býður upp á," segir Fríða.

Fyrir dömur og bráðum herra

„Við erum ávallt með augun opin fyrir nýjum merkjum og eru dönsku merkin Kaffe Curve og Zizzi vinsælustu merkin okkar. Nýlega bættist við í hópinn Fransa Plus. Þessi merki bjóða öll upp á vandaðan fatnað í stærðum 42–60 og úrvalið er ótrúlega gott," segir Fríða. Að sögn Fríðu munu spennandi hlutir gerast í haust. „Þá eigum við von á herralínu, en við munum auglýsa það betur síðar," segir hún.

„Tískan í dag hefur breyst svo mikið og það eru engin boð og bönn lengur. Þú mátt einfaldlega klæðast því sem þú vilt og finna þinn eigin stíl. Og eitt af því sem okkur finnst skemmtilegast er þegar við fáum fyrirspurnir eða sérstakar óskir um ákveðna vöru. Þá förum við af stað og höfum samband við alla birgja til þess að geta svo boðið upp á hana í búðinni," segir Fríða.

Vor- og sumarvörurnar streyma inn núna og er búðin einstaklega björt og með glaðlegt yfirbragð. „Dragtir í alls konar litum eru mikið að koma inn núna. Bjartir tónar eins og lavender, ljósappelsínugulur, grænn og ljósblár eru mjög áberandi fyrir sumarið. Við finnum líka að margir Íslendingar eru á leið til útlanda í hitann og því er mjög mikil sala í sundfötum og léttari sumarklæðnaði."

Sterk netverslun skipti máli

Að sögn kom það sér vel að vera með sterka netverslun í faraldrinum. „Á þeim tíma fór mestöll salan í gegnum curvy.is og það bjargaði okkur algerlega á þessum tíma að hafa lagt metnað í hana á sínum tíma. Í dag er þó auðvitað mun meira líf í búðinni sem okkur finnst að sjálfsögðu miklu skemmtilegra.

Netverslunin stendur þó enn sterk og þjónustar landsbyggðina prýðilega. Ég held að í og eftir Covid hafi Íslendingar svolítið uppgötvað þessi þægindi sem það er að panta á netinu og fá sent heim. Við í Curvy bjóðum upp á fría heimsendingu og fjórtán daga skilafrest svo það er auðvelt að panta og skila ef varan passar ekki.

Curvy-ævintýrið heldur áfram og það er ótrúlega gaman að geta fagnað tólf ára afmælinu í ár og líta stolt til baka með það í huga að við höfum brotið blað í sögu tískuverslunar á Íslandi þegar kemur að fatnaði í fjölbreyttari stærðum og jákvæðri líkamsmynd," segir Fríða að lokum.

Curvy er staðsett að Fellsmúla 26 í Hreyfilshúsinu við Grensásveg. Netverslun: curvy.is. Sími: 581-1552.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Guðmundur Hilmarsson,** gummih@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn:
Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652,
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654,
Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

ES&SY Una kvartermabolur
Fleiri litir til
Stærðir 36-46

ES&SY Nila skyrta
Stærðir 38-46
Verð 8.980 kr

ES&SY Tati kjóll
Stærðir 36-46
Verð 8.980 kr

ES&SY Milan blazer jakki
Til í mörgum litum
Stærðir 36-46
Verð 8.980 kr

YEST/YESTA frakki
Stærðir 42-48
Verð 24.980 kr

yesta yest no secret | Q'neel ROBELL ZHENZI ZE·ZE Nordic QUE

STUDIO Alida kjóll með blómum
Stærðir 38-56
Verð 14.980 kr

STUDIO Emilie skyrta
Fleiri litir til
Stærðir 38-56
Verð 15.980 kr

GOZZIP Johanne skyrtukjóll
Fleiri litir til
Stærðir 36-56
Verð 17.980 kr

GOZZIP Alicia kjóll
Stærðir 38-56
Verð 21.980 kr

GOZZIP Hilde köflótt kápa
Stærðir 38-56
Verð 30.980 kr

SUNDAY by Godske | festival DENMARK | STUDIO | GOZZIP | SANDGAARD | LASESSOR
FRANDSEN | Tamaris | HABELLA | Jana

FRANDSEN úlpa
Fæst líka í svörtu og gráu
Stærðir 38-54
Verð 29.980 kr

FRANDSEN létt dúnúlpa
Fleiri litir til
Stærðir 38-54
Verð 23.980 kr

FRANDSEN létt dúnvesti
Fleiri litir til
Stærðir 40-54
Verð 18.980 kr

TAMARIS inniskór
Fleiri litir til
Stærðir 37-42
Verð 9.990 kr

TAMARIS Comfort götuskór
Stærðir 37-42
Verð 21.990 kr

TAMARIS casual business skór
Stærðir 37-42
Verð 18.990 kr

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Handtöskur í áranna rás

Handtöskur eru fylgihlutir sem breyst hafa í takt við tískustrauma áratugum saman. Sumar töskur verða klassískar á meðan aðrar eru kannski best geymdar í fortíðinni.

sandragudrun@frettabladid.is

Litríkar handtöskur spruttu fram á Covid-tímanum en svarta handtaskan stendur þó enn fyrir sínu.

Á sjötta áratug síðustu aldar olli efnahagsuppsveiflan eftir stríð byltingu í tísku. Á tíma ofurfágaðrar tísku var mikilvægt að handtaskan passaði við hattinn, skóna og aðra fylgihluti sem konur þess tíma báru.

Ný töskuefni komu á markaðinn og farið var að nota plexígler til skrauts, oft með marmaraáferð eða einfaldlega glært. Einnig var málmskraut áberandi og setti punktinn yfir i-ið á heildarútliti töskunnar.

Guccio Gucci hannaði á þessum tíma handtösku með handföng úr bambus en það var Chanel sem gerði byltingarkenndustu tösku áratugarins. Það var vatteruð leðurtaska með axlaról úr langri keðju. Taskan kallast 2.55 og nýtur mikilla vinsælda enn þann dag í dag.

Á sjötta áratugnum jókst frelsi í tísku kvenna sem varð til þess að yngri kynslóðir slepptu gjarnan handtöskunni alfarið og notuðu frekar kjóla með hagnýtum vösum. Þegar vasar voru komnir á kjólana var handtaska ekki lengur nauðsyn en hún var þó leið til að skapa sinn eigin stíl.

Bóhemstíll

Á sjöunda áratugnum varð hönnunin á handtöskum gjarnan frjálslegri í anda hippatískunnar. Töskur þessa tíma voru oft gerðar úr mjúku leðri með langri ól og því hægt að hengja yfir líkamann og hafa hendurnar frjálsar.

Þegar níundi áratugurinn gekk í garð með sína hömlulausu neyslu-hyggju og maxímalískan stíl var handtaskan ein leið til að tjá stíl sinn. Fendi-töskur sem voru vinsælar á sjöunda áratugnum urðu vinsælar aftur og hin fræga Birkin-taska leit dagsins ljós.

Handtöskur héldu áfram að þróast næstu árin, ný merki litu dagsins ljós og eldri töskur voru endurhannaðar og nutu vinsælda á ný.

Á fyrsta áratug þessarar aldar var oft langur biðlisti eftir vinsælustu handtöskunum. Paddington-taskan varð mjög vinsæl árið 2005 og seldist upp áður en hún kom í verslanir. Taskan vó meira en kíló þökk sé veglegum hengilás sem hékk til skrauts á henni.

Á næsta áratug urðu stærri handtöskur vinsælar, sérstaklega þær sem kallast Luggage tote, en í þær væri jafnvel hægt að pakka farangri til heillar helgar.

Þriðji áratugur þessarar aldar hófst með fordæmalausum tímum, eins og við vitum öll. Fólk varði meiri tíma heima hjá sér en áður svo það er kannski engin tilviljun að koddalaga töskur urðu vinsælar. Einn helsti aðdáandi þeirra er söngkonan Rihanna sem reglulega hefur sést með slíka tösku.

Litríkar töskur spruttu einnig fram á Covid-tímanum, enda höfðu kannski margir þörf fyrir smá lit í lífið. Svarta taskan stendur þó enn fyrir sínu og gerir líklega um ókomna tíð. ■

Chanel 2.55-taskan kom fram á sjónarsviðið á sjötta áratugnum en hún nýtur enn mikilla vinsælda.

Paddington-taskan sló í gegn árið 2005 en stór hengilás einkenndi hana. Taskan var vinsæl hjá stjörnum á borð við Tori Spelling.

Rihanna með koddalaga heimsfaraldurs-handtösku.

Fendi-leðurtöskur voru vinsælar á sjöunda áratugnum og aftur á þeim níunda.

Handtöskur hafa fylgt tískustraumum og margar verða klassískar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Mundu eftir þér á hverjum degi!

Brosandi
með burnirót

Náttúruleg & kröftug
blanda fyrir aukna orku
& hamingju

Íslensk burnirót
með einstaka virkni

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

NON-GMO

100% VEGAN

ENGIN AUKAEFNI · ADDITIVE FREE

KAVITA

Strútsfjaðrir, silki og eitís hjá Victoriu Beckham

Fína kryddið, Victoria Beckham, sýndi glæsta hönnun sína í annað sinn á tískuvikunni í París sem lauk á þriðjudag. Þar gengu heimsfrægar ofurfyrirsætur, eins og Irina Shayk og Adut Akech, tískupallana og sýndu fjölbreytta tískulínu Victoriu fyrir haust og vetur komanda.

thordisg@frettabladid.is

Að sýningu lokinni sagðist Victoria hafa orðið fyrir innblæstri frá kvikmyndinni Grey Gardens. Var kynningarefni fyrir haust- og vetrarlínuna unnið með bandarísku leikkonunni Drew Barrymore sem lék aðalhlutverkið í kvikmyndinni árið 2009 en myndin er byggð á samnefndri heimildarmynd eftir bræðurna og leikstjórana Albert og David Maysles frá árinu 1975. Sú mynd fjallaði um heldri mæðgur sem báðar hétu Edith Bouvier Beale og voru náfrænkur forsetafrúarinnar Jackie Kennedy Onassis en bjuggu einangraðar og í sárri fátækt í niðurníddu höfðingjasetrinu Grey Gardens.

„Ég elska ríkulega litapallettuna í myndinni og hversu sérvitur, heimspekilegur og tímalaus stíllinn er," útskýrði Victoria á Instagram.

Með fjölskylduna á bekknum

Smekkvísi Victoriu Beckham er óumdeild. Fagurfræðin á bak við hönnun hennar er þægilegur glæsileiki sem hún sýndi og sannaði með haust- og vetrarlínunni í París. Þar voru til staðar fastir liðir sem einkenna stíl hennar, svo sem rúllukragar, aðsniðnar skyrtur og buxur sem liggja þétt að líkamanum, en líka óvænt tvist eins og eggjandi leður, gallaefni og lúxus strútsfjaðrir á pilsum og drögtum. Fataefni spiluðu líka stórt hlutverk, eins og silkikjólar sem blöktu með stórum og áberandi ermum. Victoria virtist einnig undir áhrifum 9. áratugarins, sýndi blazerjakka og kjóla í yfirstærðum og sumt var með herðapúðum.

Á fremsta bekk sátu stjörnublaðamenn tískuheimsins, Anna Wintour, ritstjóri bandarísku Vogue, og Edward Enninful, ritstjóri breska Vogue. Einnig hennar ástkæri David Beckham og þrjú barna þeirra, þau Cruz og Harper og Brooklyn með eiginkonunni Nicolu Peltz, en Romeo var sá eini úr fjölskyldunni sem ekki var viðstaddur.

Victoria, sem öðlaðist heimsfrægð fyrir að vera ein af stúlknasveitinni Kryddpíunum (e. Spice Girls), stofnaði tískuhús í eigin nafni árið 2008 og selur nú hönnun sína í 250 verslunum í 52 löndum. Árið 2019 bættist við snyrtivörulínan Victoria Beckham Beauty. ■

Victoria Beckham er annáluð fyrir fágaðan glæsileik eins og sjá má frá nýliðinni tískuviku í París.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Victoria er þekkt fyrir ást sína á rúllukrögum. Buxurnar eru með krókódílamynstri og stígvélin í stíl.

Æðislegur svartur og ermalaus síðkjóll með opinni klauf fyrir veturinn.

Eiturgrænn og eitursvalur einnar ermar kjóll og netasokkarbuxur við.

Kóngablá rúllukragapeysa við hvítt, svart og gultgrænt pils sem er skreytt með svörtum strútsfjöðrum.

Skósíður síðkjóll með strútsfjaðramynstri og síðum ermum.

Glæsilegur silkikvöldkjóll með síðum ermum og opinn að framan.

Plíseraður, marglita toppur á litríkum síðkjól sem skreyttur er strútsfjöðrum.

Blá, skósíð buxnadragt með aðsniðnum jakka og fölbláum fjöðrum.

Eldrautt mínípils við eldrauða prjónaða peysu sem flaksar að aftan eins og hluti af pilsi eða kápu.

Svört kápa við hvítan rúllukraga og hvítar buxur með svörtum líningum.

Töff, grá rúllukragaprjónapeysa við skósítt gallapils með fleginni klauf.

Ferskjubleikur síðkjóll með slóða, púffermum, slaufu og perlum.

Ermar sem ná fram yfir hendurnar verða áberandi hjá Victoriu í haust.

Luxaflex®
Duette® gluggatjöld



Luxaflex Duette býður upp á hundruð mismunandi efna sem gerir það mögulegt að sameina áferðir, liti og flekabreiddir. Með Duette lausnum getur þú gert heimili þitt einstakt. Duette er hægt að fá rafstýrð með **Luxaflex Power View**. Komdu við í sýningarsal okkar að Víkurhvarfi 2 og skoðaðu möguleikana eða kíktu á **www.zenus.is.**

ZENUS

ZENUS | Víkurhvarfi 2 | 203 KÓPAVOGI | S: 554 2450 | www.zenus.is

Stílhrein svört jakkaföt brydduð með silfurlituðum perlum í Christchurch í Nýja Sjálandi í janúar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Litríkur á lokametrum

Tónlistarmaðurinn Elton John lýkur síðustu stóru tónleikaferð sinni í Svíþjóð í sumar. Hann mun meðal annars bjóða upp á lokaatriði Glastonbury-tónlistarhátíðarinnar í sumar.

starri@frettabladid.is

Síðasta tónleikaferðalagi Elton John lýkur í Stokkhólmi í júlí næstkomandi. Tónleikaferðalagið, sem ber heitið Farewell Yellow Brick Road, hófst í Bandaríkjunum í september 2018 og þegar yfir lýkur hefur hann komið fram á rúmlega 300 tónleikum víða um heim. Hann lauk árinu 2022 í Bandaríkjunum og byrjaði nýtt ár með tónleikum í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi.

Stórstjarnan, sem verður 76 ára þann 25. mars, heldur fjölda tónleika á Bretlandseyjum í mars og apríl áður en hann heldur yfir til Þýskalands.

Elton John mun einnig koma fram á tónlistarhátíðinni í Glastonbury þann 25. júní en þetta verður í fyrsta sinn á löngum ferli sem hann kemur fram á þeirri hátíð. Tónleikarnir verða lokaatriði hátíðarinnar og um leið lokatónleikarnir á síðustu tónleikaferð hans um Bretland.

Elton John hefur löngum verið þekktur fyrir litríkan og skrautlegan fatnað auk áberandi gleraugna. Í seinni tíð hefur hann tónað sig aðeins niður en hann er alltaf smekklegur til fara. Lítum á nokkrar myndir af stjörnunni frá tónleikaferð síðustu mánaða. ■



Blátt og grænt blómamunstur á hvítum jakka í Sydney í Ástralíu í janúar 2023.

Elton John kemur fram á rúmlega 300 tónleikum víða um heim á tónleikaferðalaginu Farewell Yellow Brick Road.

Blár, rauður og grár litur setur skemmtilega svip á jakkann í Los Angeles.

SCREAM VI
FORSALA HAFIN
KEMUR Í BÍÓ
10. MARS
SPYGLASS
MEDIA GROUP
Dolby
ATMOS

Nú verður enginn afsláttur gefinn

Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu hefur leik í undankeppni Evrópumótsins 2024 eftir tvær vikur. Liðið fær afar mikilvægt en jafnframt krefjandi verkefni í fyrsta leik. Sparkspekingurinn Kristján Óli Sigurðsson segir að landsliðsþjálfarinn Arnar Þór Viðarsson fái engan afslátt í komandi undankeppni.

helgifannar@frettabladid.is

FÓTBOLTI Íslenska karlalandsliðið hefur leik í undankeppni EM 2024 þann 23. mars næstkomandi þegar liðið heimsækir Bosníu og Hersegóvínu. Þremur dögum síðar fer liðið til Liechtenstein og mætir þar heimamönnum.

„Þetta leggst þokkalega í mig eins og er. Maður veit samt aldrei hvað gerist á leikdegi. Það er til dæmis talað um að völlurinn í Bosníu sé í skelfilegu ástandi. Sama hvað því líður er þetta leikur sem þarf að vinnast," segir Kristján Óli Sigurðsson um komandi verkefni í samtali við Fréttablaðið.

Ef allt er eðlilegt vinna Strákarnir okkar nokkuð þægilegan sigur á Liechtenstein í öðrum leik undankeppninnar. Öll augu beinast að leiknum við Bosníu þremur dögum áður.

„Jafntefli væru ekki hræðileg úrslit en það væri ansi gott að byrja á sigri til að létta brúnina á landanum aðeins þessa síðustu daga vetrarins."

Þróunartímabili lokið

Landsliðsþjálfarinn Arnar Þór Viðarsson tók við erfiðu búi eftir að hann var ráðinn til starfa á sínum tíma. Nú hefur hann hins vegar þróað liðið í dágóðan tíma og segir Kristján að nú verði enginn afsláttur gefinn.

„Þetta verður brekka ef þessi undankeppni byrjar illa. Það er krafa að fá fjögur stig úr þessum leikjum að mínu mati. Þrjú stig eða minna, þá erum við komnir í alvöru vesen strax í upphafi.

Það er dómsdagur núna. Ef Arnar ætlar að fá þjóðina með sér væri ansi sterkt að fá 1–3 stig í Bosníu. Liðin eiga eftir að taka stig af hvort öðru. Það gæti vel endað þannig að liðið sem endar í öðru sæti í þessum riðli verði ekki með svo mörg stig," segir Kristján, sem gerir ráð fyrir að Portúgal rúlli yfir undanriðil Íslands. Tvö efstu liðin fara á EM.

Flestir að spila vel

Margir af lykilmönnum Íslands hafa verið að gera vel með félagsliðum sínum undanfarið. Kristján segir það afar jákvætt. Hann bendir þó á að landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson verði ekki með. Hann byrjar undankeppnina í leikbanni en verður mættur í leikinn gegn Liechtenstein.

„Það eina sem pirrar mig hrottalega mikið núna er að fyrirliðinn verði ekki með. Að hafa hann inni á í svona leik væri mikilvægt. En það verða bara aðrir að gjöra svo vel að stíga upp, eins og Alfreð (Finnbogason), Sverrir Ingi (Ingason) og Jóhann Berg (Guðmundsson)."

Þá hefur Ísak Bergmann Jóhannesson verið úti í kuldanum hjá FC Kaupmannahöfn. Það verður því áhugavert að sjá hvernig Arnar Þór stillir upp miðsvæði sínu.

„Það er smá áhyggjuefni en við verðum bara að leysa það. Hann er í formi til að spila heilan leik en ég er samt ekki svo viss um að hann verði í liðinu, þó svo að pabbi hans sé í þjálfarateyminu.

Ég myndi hafa Hákon á miðjunni í áttu-hlutverkinu. Ég myndi svo hafa Guðlaug Victor djúpan á miðjunni. Ef ég mætti ráða væri svo Jóhann Berg fremstur á miðjunni," segir Kristján, en bendir þó á að Birkir Bjarnason virðist eiga fast sæti hjá Arnari.

„Birkir er búinn að vera frábær þjónn. Hann er mikilvægur fyrir hópinn og ég vil frekar að hann sé bara til taks."

Þurfa að leysa deiluna

Albert Guðmundsson hefur verið úti í kuldanum hjá Arnari Þór og bendir flest til þess að hann verði ekki með í komandi verkefni.

„Er hann búinn að hringja í Arnar? Ef ekki þá verður hann ekki valinn. Mér finnst það liggja

> Þetta verður brekka ef þessi undankeppni byrjar illa.

Kristján Óli Sigurðsson

í augum uppi. Við getum heldur betur notað hann, sama hvort það er í byrjunarliði eða að hann komi inn af bekknum ef okkur vantar mark. Á móti Liechtenstein ætti hann svo að geta skorað með bundið fyrir augun," segir Kristján léttur.

Hann segir stöðuna sem er komin upp á milli Arnars og Alberts hins vegar grafalvarlega.

„Þetta er hrikalegt. Hann átti að taka við kyndlinum af gulldrengjunum. Maður hafði það alltaf í huga því hann var í hópnum á HM í Rússlandi, kom meira að segja við sögu. Ég held því að það hefðu allir búist við því að hann yrði fyrsti maður á blað árið 2023. Ég veit ekki hvað gerðist á milli þeirra en við erum bara ekki með það marga góða leikmenn að við höfum efni á svona þvælu.

Það er dauðafæri að fara á EM í Þýskalandi. Við vitum hvað það gerði fyrir Ísland að fara á EM í Frakklandi. Við verðum að hafa alla klára um borð. Það er þeirra að leysa þetta."

Dagur fái traustið

Kristján vonast til þess að Arnar Þór velji Dag Dan Þórhallsson í landsliðshópinn. Kappinn gekk í raðir Orlando City í vetur frá Breiðabliki og hefur byrjað vel vestanhafs.

„Hann er strax orðinn fastamaður í Orlando og var besti leikmaðurinn í verkefnunum með landsliðinu í nóvember og janúar. Ef menn fá ekki traustið eftir að hafa staðið sig í svoleiðis verkefnum, hvenær fá þeir það þá? Til hvers eru þá svoleiðis verkefni? Er verið að eyða peningum til einskis, verið að gefa mönnum frí til að fara í heitari lönd? Það er fullt af mönnum sem spila hérna heima sem hefðu alveg eins haft gott af því að fara í frí heldur en að vera að rífa sig upp í landsliðsverkefni í nóvember og aftur í janúar, þegar undirbúningstímabilið hér heima er nýbyrjað.

Ég sé Dag þess vegna byrja á miðjunni með Hákoni. Ég myndi alveg treysta þeirri miðju til að gera góða hluti með Jón Dag (Þorsteinsson), Alfreð og Arnór (Sigurðsson) fyrir framan."

Kristján telur nær öruggt að Rúnar Alex Rúnarsson, markvörður Alanyaspor á láni frá Arsenal, standi á milli stanganna í leikjunum gegn Bosníu og Liechtenstein.

„Rúnar er einn af fáum sem eru öruggir með sæti sitt í byrjunarliðinu. Patrik (Sigurður Gunnarsson) er ekki farinn af stað á sínu tímabili með Viking í Noregi og Elías (Rafn Ólafsson) hefur verið á bekknum hjá Midtjylland. Rúnar hefur líka verið að spila vel í síðustu leikjum. Það væru ansi skrýtin skilaboð ef hann myndi ekki spila þessa leiki. Hann er loks að fá traustið sem aðalmarkvörður. Þú þarft að nýta það. Við sáum hvernig Hannes var í þessum undankeppnum. Það var varla feilspor sem hann steig. Þannig markvörð þurfum við að hafa því við erum ekki með besta liðið."

Miðverðirnir Hörður Björgvin Magnússon og Sverrir Ingi Ingason hafa verið að spila vel með sínum liðum í Grikklandi, Panathinaikos og PAOK. Kristján er á því að þeir byrji í hjarta varnarinnar í fyrri leiknum gegn Bosníu og Hersegóvínu.

„Ég hugsa að Hörður og Sverrir verði miðverðir. Davíð Kristján (Ólafsson) verður líklega í vinstri bakverði. Það er engin ástæða til að taka hann út. Ef Aron væri með væri hann sennilega í miðverði með Sverri og Hörður í vinstri bakverði.

Staða hægri bakvarðar er kannski eina spurningarmerkið í varnarlínunni. Guðlaugur Victor gæti spilað þar. Svo erum við líka með Alfons og Valgeir," segir sparkspekingurinn Kristján Óli Sigurðsson. ■

Undanriðill Íslands

- Bosnía og Hersegóvína
- Ísland
- Liechtenstein
- Lúxemborg
- Portúgal
- Slóvakía

> Ég veit ekki hvað gerðist á milli þeirra en við erum bara ekki með það marga góða leikmenn að við höfum efni á svona þvælu.
>
> Kristján Óli Sigurðsson

EHF EUROPEAN LEAGUE

VS

FRISCH AUF! GÖPPINGEN

16-LIÐA ÚRSLIT

ÞRIÐJUDAGINN 21. MARS

VIP UPPSELT!

NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR

MIÐASALA INN Á TIX.IS/VALUR

MERKISATBURÐIR

1776 Auðlegð þjóðanna, hið áhrifaríka rit Adams Smith, kemur út.

1796 Napóleon Bonaparte giftist fyrstu konu sinni, Josephine de Beauharnais.

1833 Sigurður Guðmundsson málari fæðist.

1945 Japanar leggja allt Indókína undir sig.

1953 Útför Jósefs Stalín gerð í Moskvu eftir fjögurra daga sorg.

1962 Nasser,forseti Egyptalands, lýsir því yfir að Gaza tilheyri Palestínumönnum.

1986 Kafarar úr flota Bandaríkjamanna finna stjórnklefa geimskutlunnar Challenger með líkum allra geimfaranna sjö sem fórust með skutlunni.

1987 The Joshua Tree, plata hljómsveitarinnar U2 kemur út.

1991 Tugþúsundir mótmæla stjórn Slobodans Milosevic í Belgrad.

1997 Bandarískur rapparinn The Notorious B.I.G. myrtur í Los Angeles.

2007 Byggingu nýja Wembley-leikvangsins í Lundúnum lýkur.

†

Innilegar þakkir fyrir samúð
og hlýhug vegna andláts
og útfarar ástkærrar móður okkar,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

Rögnu Erlendsdóttur

frá Þorlákshöfn.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Ási fyrir hlýhug og góða umönnun.

Linda Björg Sigurðardóttir
Guðlaug Sigurðardóttir **Björgvin Jón Bjarnason**
Jónas Sigurðsson **Áslaug Hanna**
og fjölskyldur

†

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, sonar, bróður og mágs,

Ármanns Einarssonar

Básahrauni 44,
Þorlákshöfn.

Linda Ósk Jónsdóttir
Unnur Rós Ármannsdóttir
Guðmundur J. Ármannsson **Magnea Ásta Magnúsdóttir**
Jón Þór Eyjólfsson
Einar Friðrik Sigurðsson **Helga Jónsdóttir**
Eydís Einarsdóttir **Jörgen Jörgensen**
Sóley Einarsdóttir **Guðbjartur Örn Einarsson**
og frændsystkini

†

Elsku eiginmaður minn, pabbi,
afi og langafi okkar,

Gunnar Hans Pálsson

byggingarverkfræðingur,

lést á Landakotsspítala, fimmtudaginn 2. mars. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 16. mars kl. 11.
Þeim sem vilja minnast hans er vinsamlegast bent á góðgerðarfélög. Kærar þakkir færum við öllum sem komu að umönnun hans.

Sesselja Guðrún Kristinsdóttir
Guðrún Gunnarsdóttir **Þór Sigurjónsson**
Steinþór Örn Gunnarsson **Sonja Björk Dagsdóttir**
Hrund Þórsdóttir **Óskar Páll Elfarsson**
Freyr Þórsson **Eva Hlín Hermannsdóttir**
Birnir, Dagmar, Ísak, Bjarki, Arnar, Sunna og Sölvi

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

Hugvísindaþing margra kleina

Ólíkir vinklar á fjölbreyttu viðfangsefni koma saman í málstofum og erindum á Hugvísindaþingi sem hefst á morgun.

arnartomas@frettabladid.is

Hugvísindin eru breitt fræðasvið og deilast nemendur á margar en oft fámennar greinar. MYND/AÐSEND

Hugvísindaþing 2023 hefst á morgun og stendur fram á laugardag. Þar er borið fram það helsta á döfinni í heimi hugvísinda í stuttum fyrirlestrum og málstofum ætluðum fræðasamfélaginu jafnt sem almenningi.

„Þarna koma fram hugvísindi í sínum breiðasta skilningi, bókmenntir, tungumál, saga og svo framvegis," segir Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri Hugvísindastofnunar HÍ. „Við vinnum þetta þannig að fólk sem hefur áhuga á að skipuleggja málstofu finnur aðra sem hafa áhuga á efninu. Þannig verða til hópar sem senda saman inn efni og stundum hefur sprottið upp einhvers konar samstarf í kjölfarið.

Þingið var fyrst haldið árið 1996 en hefur verið árlegur viðburður frá 1999. Það féll þó niður árið 2021 – af óviðráðanlegur ástæðum sem allir þekkja. Við höfum heldur ekki getað boðið upp á opnunarfyrirlestur síðan 2019 en í ár verður Vilhjálmur Árnason heiðursfyrirlesari og talar um samtalið sem siðferðilegt hugtak.

Hugvísindaþing er almennt vel sótt en Margrét fer óhefðbundnar leiðir til þess að mæla aðsóknina ár hvert.

„Ég hef stundum mælt þetta bara í kleinum og út frá því hefur mér oft sýnst þetta vera um 400-450 manns sem koma við," segir hún. „Ég hef líka reynt að mæla þetta með vísindalegri aðferðum og reynt að telja gesti en kleinurnar tala sínu máli."

Fjölbreyttir vinklar

Málstofurnar á þinginu verða fjölbreyttar en þar verður meðal annars fjallað um Maríu mey sem einn mesta áhrifavald allra tíma, stef úr heimspeki fornaldar og Grýlu og hennar misfriðu krakkastóð.

Ein málstofan ber yfirheitið Arfleið Bíbíar í Berlín – Hvernig fann þroskaskert kona lífi sínu farveg? Þar verða ævi og störf Bjargeyjar Kristjánsdóttur, betur þekkt sem Bíbí, í brennidepli en Háskólaútgáfa gaf sjálfsævisögu hennar út í fyrra í ritröðinni Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar.

„Ég er nú ekki manna fróðust um Bíbí en hún bjó á elliheimili um tíma og síðar kom í ljós að hún hafði skrifað sjálfsævisögu sína," segir Margrét. „Það kom svo nýlega í ljós að hún hafði líka haldið dagbækur en þær fundust bara fyrir algjöra tilviljun í tengslum við rannsóknaverkefnið sem verið var að vinna. Saga hennar er heillandi og sorgleg og sýnir okkur líka hvernig við getum vanmetið fólk."

Þá er Austurland þemað í annarri málstofu þar sem sagnfræði- og fornleifafræðirannsóknir á landshlutanum verða skoðaðar.

„Þarna kemur saman fólk sem nálgast landshlutann úr mismunandi áttum en það sem sameinar þau er Austurland. Hrefna Róbertsdóttir talar til að mynda um Vopnafjörð undir lok átjándu aldar en Hrafnkell Lárusson er nýlega búinn með sína doktorsritgerð sem tengdist Austurlandi. Ég held það hafi ekki gerst áður að svæði á landinu hafi verið þema í málstofu hjá okkur á sambærilegan hátt," bætir Margrét við.

> Ég hef stundum mælt þetta bara í kleinum og út frá því hefur mér oft sýnst þetta vera um 400-450 manns sem koma við.

Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri Hugvísindastofnunar HÍ

Nýjar greinar trekkja að

Hugvísindin eru breitt fræðasvið og segir Margrét að nemendur þar deilist á margar greinar, hvort sem um er að ræða ritlist, siðfræði, bókmenntir eða aðrar greinar.

„Við erum með margar greinar og nemendur eru mjög mismargir," útskýrir hún. „Það eru ekki miklar sveiflur á Hugvísindasviði yfirleitt en dreifingin getur breyst milli greina."

Þá eiga nemendur það til að sækja í nýjar greinar.

„Þær mæta oft einhvers konar uppsafnaðri þörf og til að mynda eru margir nemendur að læra kóresku núna sem var nýlega farið að bjóða upp á," segir Margrét. „Pólskan er svo glæný og á eftir að reyna á vinsældir hennar."

Hugvísindaþing er öllum opið og aðgangur ókeypis. ■

ÞETTA GERÐIST — 9. MARS 1950

Sinfóníuhljómsveit Íslands stofnuð

Fyrstu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands fóru fram í Austurbæjarbíói í Reykjavík þann 9. mars 1950. Telst þetta vera stofndagur sveitarinnar þótt hún hafi hafið æfingar um mánuði áður.

Hljómsveitina skipuðu 39 hljóðfæraleikarar undir stjórn Róberts Abrahams Ottóssonar og á efnisskránni voru verk eftir Beethoven, Schubert, Haydn og Bartók. Aðgangseyrir var 20 krónur og voru gestir greinilega ekki sviknir um peninginn enda greindu dagblöðin frá þeim miklu fagnaðarlátum sem brutust út að tónleikunum loknum.

Aðdragandinn að stofnun Sinfóníuhljómsveitarinnar var langur og hafði verið erfitt að fá peninga til að styðja við verkefnið. Fyrir þennan tíma höfðu ýmsar tilraunir verið gerðar til stofnunar svipaðrar sveitar og má þar nefna Útvarpshljómsveitina sem starfrækt var í nokkur ár. Starfsemi hljómsveitarinnar fór hægt af stað og stóð rekstrargrundvöllur hennar oft tæpt. Tímamót urðu svo í sögu hennar árið 1982 þegar Alþingi samþykkti lög um sveitina. ■

Miklu meira en bara ódýrt

Snjósköfur
frá kr 2.985,-

Bílskóflur
verð frá
kr 2.495,-

Álskófla Fiskars
frá kr 2.895,-

Bílrúðuskafa
m/klústi
kr. 1.995,-
(frá 995)

Bílrúðusköfur
frá kr 295,-

Strekkibönd

Bensínbrúsar
5/10/20L
Plast&Stál

Strákústar
frá kr 995,-

Klakasköfur

Hálkubroddar
kr 895,-

Yfirbreiðslur
margar stærðir

Hitamælar
í miklu úrvali

Dráttartóg
frá kr 2.495,-

Starkaplar
frá kr 1.995,-

VIAIR 12V
Loftdælur

Neyðarkeðjur
Plast

Hálkusalt

Rúðuvökvi

Íseyðir
kr 995,-

Höfuðljós
kr 995,-

Vasaljós
í miklu úrvali

Hleðslutæki

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16

SJÓNVARPSDAGSKRÁ

HRINGBRAUT

18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Mannamál
19.30 Suðurnesja-magasín Vikurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
20.00 Frísk eftir fimmtugt
20.30 Fréttavaktin
21.00 Mannamál

RÚV SJÓNVARP

13.00 Fréttir með táknmálstúlkun
13.25 Heimaleikfimi
13.35 Kastljós
14.00 Útsvar 2017-2018
15.10 Á tali hjá Hemma Gunn 1992-1993
16.35 Hvunndagshetjur
17.05 Matur með Kiru
17.35 BMX - að duga eða drepast
17.50 Hvað verður um ruslið?
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Bakað í myrkri
18.30 Undraverðar vélar
18.45 Krakkafréttir með táknmálstúlkun
18.50 Lag dagsins
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Okkar á milli Sigurlaug Margrét Jónasdóttir fær til sín góða gesti úr öllum áttum og ræðir við þá undir fjögur augu.
20.30 Ljósmóðirin Níunda þáttaröð breska myndaflokksins Ljósmóðurinnar, sem er byggður á sannsögulegum heimildum um ljósmæður og skjólstæðinga þeirra í fátækrahverfi í austurborg London á sjöunda áratugnum.
21.25 Ímynd Heimildarþáttaröð í sex þáttum þar sem íslensk ljósmyndun er skoðuð út frá sjónarhorni lista, landslags, samtímans, skrásetningar, fréttaflutnings, fortíðar og framtíðar.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Útrás Þriðja þáttaröð um norsku athafnamennina. Vinirnir fjórir eru auðugir, keyra um á flottum bílum, eiga glæsileg heimili og fallegar fjölskyldur. Þeir eiga þó sínar myrku hliðar og leita útgönguleiða úr daglegu lífi sínu meðal annars með ofbeldi, eiturlyfjum og kynlífi.
23.00 Lögregluvaktin
23.40 Heima
00.05 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

12.00 Dr. Phil
12.43 The Late Late Show
13.23 The Block
14.11 Love Island
14.57 The Bachelor
17.20 Black-ish
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show
19.10 The Moodys
19.40 Ghosts
20.10 Læknirinn í eldhúsinu
20.40 Að heiman - íslenskir arkitektar Við förum út um allan heim og heimsækjum íslenska arkitekta sem hafa getið sér gott orð fyrir hönnun og húsagerðarlist.
21.10 9-1-1
22.00 Love Island
22.45 American Gigolo
23.40 The Late Late Show
00.25 NCIS
01.10 NCIS. New Orleans
01.55 Law and Order. SVU
02.40 Mayor of Kingstown
03.40 Love Island

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.20 Grand Designs. Australia
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 FC Ísland
10.00 Lego Masters USA
10.45 The Cabins
11.30 BBQ kóngurinn
11.55 America's Got Talent. Extreme
13.15 Franklin & Bash
13.55 Rax Augnablik
14.05 Family Law
14.50 Skreytum hús
15.05 Grand Designs
15.55 Home Economics
16.15 The Masked Singer Sprenghlægileg og öðruvísi söngvakeppni þar sem grímuklæddir, frægir einstaklingar keppa sín á milli. Tólf keppendur klæða sig upp í kostulega búninga til að fela hverjir þeir eru. Einn dettur út í viku hverri og þarf þá að lyfta hulunni af því hver hann er.
17.20 Franklin & Bash
18.05 Bold and the Beautiful
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.20 Samstarf
19.40 Love Triangle
20.25 Vampire Academy
21.20 NCIS
22.05 The Lazarus Project
22.50 The Undeclared War
23.35 Screw
00.25 A Friend of the Family
01.15 Succession
02.20 Magnum P.I.

Gunni Helga mætir í Mannamál kvöldsins

Hlátrasköllin óma í myndveri Hringbrautar í kvöld þegar rithöfundurinn og leikarinn Gunnar Helgason mætir til Sigmundar Ernis, en hann og eiginkona hans, Björk Jakobsdóttir, eru höfundar nýjustu leiksýningarinnar í Þjóðleikhúsinu, Draumaþjófsins. Meðal hápunkta í samtalinu er feillinn sem frúin tók á tvíburunum Gunna og Ása þegar hún ætlaði að heilla ástmann sinn. En penni útgáfan er látin duga. ■

KROSSGÁTA



LÁRÉTT
1 niðurfelling
5 lána
6 upphrópun
8 reipi
10 mynni
11 fram að
12 harmur
13 ókyrr
15 matjurt
17 allslaus

LÓÐRÉTT
1 etanól
2 þus
3 hvíld
4 kvarði
7 ódæði
9 dugur
12 bruðl
14 æði
16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 arfnæm, 5 lán, 6 æi, 8 kaðall, 10 ós, 11 til, 12 sorg, 13 órór, 15 laukur, 17 snauð.
LÓÐRÉTT: 1 alkóhól, 2 fjas, 3 náð, 4 mælir, 7 illgerð, 9 atorka, 12 sóun, 14 ras, 16 uu.

SKÁK

Hvítur á leik

Lenka Ptácníková (2.113) átti leik gegn Brynjari Bjarkasyni (1.571) á Skákmóti öðlinga.

24. Rxc6! Rxb3 (24...bxc6 25. Bxc5 Da5 26. Bxa3 Dxa3 27. Dxf6 er líka vonlaust). 25. axb3 bxc6 26. Rxb4 og hvítur vann skömmu síðar. Vignir Vatnar Stefánsson er í miklu stuði á EM einstaklinga og hafði 4 vinninga eftir 5 umferðir. Hannes Hlífar Stefánsson vann þriðja mót Barion-mótaraðarinnar. Helgi Áss Grétarsson og Björn Þorfinnsson urðu í 2.-3. sæti.

www.skak.is: Vignir á EM

SUDOKU

				2	6	1	3	7
2	9		3		7		4	
			5			6		
	1			8		3	2	
5	8		6			4		
		7	1	9		8	5	
		1						
					3		1	
4	5	2						

		7	1		3		6	
	2		6			7		
1	5		4		7		8	2
6		5						
	3	8			6			
	7			1	4	6		
5		1					4	
					9			3
8				4		9	2	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

PONDUS

FRODE ØVERLI



Jamie Cullum finnst mikilvægt að temja sér hógværð í tónlistinni og vill fremur samgleðjast öðrum tónlistarmönnum en öfunda þá af velgengninni. MYND/AÐSEND

Mér finnst ég vera orðinn miklu betri tónlistarmaður

Jamie Cullum fagnar tuttugu ára afmæli vinsælustu plötu sinnar með því að horfa fram á veginn. Hann spilar í annað sinn á Íslandi og kveðst vera heillaður af landinu.

Píanóstjarnan Jamie Cullum kemur fram á tónleikum í Eldborg 15. mars. Jamie er einn vinsælasti tónlistarmaður sinnar kynslóðar og plata hans Twentysomething gerði hann að mest selda djasstónlistarmanni Bretlands þegar hún kom út 2003. Jamie var staddur á heimili sínu í Bretlandi þegar blaðamaður náði tali af honum og kvaðst vera spenntur að koma aftur til Íslands en hann spilaði síðast í Hörpu árið 2011.

„Ég er mikið til heima um þessar mundir að semja tónlist og er ekki svo mikið að túra. Raunar eru tónleikarnir mínir á Íslandi einstakt tilvik. Ég var í viðtali í útvarpinu þar sem ég var spurður að því hvar í röðinni Ísland væri í túrnum og svaraði að þetta væri eiginlega bara Ísland. Við erum í raun bara að koma af því okkur langaði til þess," segir Jamie.

Heillaður af Íslandi

Þú spilaðir síðast á Íslandi fyrir rúmum áratug, hvað fékk þig til að vilja koma aftur?

„Ég hafði mjög gaman af þeim tónleikum. Í fyrsta lagi er Harpa frábær tónleikastaður, virkilega fallegt tónleikahús sem er gaman að spila í og með æðislegan hljómburð. Ég varð virkilega heillaður af Íslandi og mér finnst maður komast mjög nálægt innsta kjarna plánetunnar á Íslandi. Það hljómar kannski eins og klisja en fyrir gest eins og mig þá varð ég virkilega heltekinn og innblásinn af landinu. Við ætlum að koma daginn fyrir og dvelja aðeins lengur en við þurfum fyrir tónleikana."

Spurður um hvers konar efni áhorfendur geta búist við að heyra segist Jamie ætla að spila blöndu af frumsömdu efni og þekktum ábreiðum eins og hans er von og vísa.

„Í ljósi þess að fyrsta platan mín sem gefin var út af stóru plötufyrirtæki kom út fyrir tuttugu árum þá hef ég verið að heimsækja alla kima tónlistar minnar undanfarið. Allt frá upphafi til dagsins í dag, þannig að þetta verður sannkallaður þverskurður alls sem ég hef gert undanfarna tvo áratugi," segir hann.

Erfitt að horfa til baka

Twentysomething eða Tuttugu-ogeitthvað var þriðja stúdíóplata Jamie Cullum og skaut honum upp á stjörnuhimininn þegar hún kom út haustið 2003 og hefur síðan þá selst í nokkrum milljónum eintaka. Cullum segir að til standi að endurútgefa plötuna á vínyl í tilefni tuttugu ára afmælis hennar.

„Það er erfitt fyrir mig að horfa til baka af því að sem skapandi manneskja þarf maður að geta greint á milli þess sem var best heppnað markaðslega séð og því sem manni finnst vera best heppnað listrænt séð. Mér finnst Twentysomething hljóma eins og káti og æsti ungi maðurinn sem ég var á þeim tíma. Ég held að hún nái því mjög vel og upptökustjórinn Stewart Levine hjálpaði virkilega við að fanga eitthvað sem var bara partur af tíðarandanum. Ég var svo hrekklaus og spenntur og dróst að djasstónlist en líka Radiohead og Jimi Hendrix, það náðist að fanga allt þetta á plötuna á hátt sem ég gæti ekki gert núna af því ég er annar maður í dag. Listrænt séð finnst mér ég líka vera orðinn miklu betri píanóleikari, söngvari og lagahöfundur en ég var þá," segir Jamie.

Algjör fertugsplata

Þótt Jamie sé kominn annað segist hann gera sér grein fyrir því að margir haldi enn upp á Twentysomething enda er hann sjálfur mikill tónlistarunnandi sem hefur gaman af fyrstu plötum listamanna. Spurður um hvort hann telji sig hafa þroskast mikið sem listamaður undanfarin tuttugu ár segir Jamie: „Já, fjandinn hafi það, ég vona það alla vega."

Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

Jamie Cullum spilaði síðast á Íslandi í Hörpu árið 2011 og var fyrsta erlenda poppstjarnan til að koma fram í tónlistarhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Er kominn tími á framhald? Myndir þú íhuga að gera plötuna Fortysomething, eða Fjörutíu og eitthvað, núna?

„Guð minn góður, ég held að síðasta platan mín sé algjör fjörutíu og eitthvað-plata miðað við það sem ég samdi fyrir hana. En mér finnst alltaf betra að horfa fram á við af því það er í raun eina leiðin til að ná einhverjum framförum. Ég er ekki einhver sem finnst gaman að endurheimsækja hluti, það kemur alla vega ekki náttúrulega til mín, vegna þess að ég er fyrst og fremst tónlistarmaður og lagahöfundur. Að feta gamlar slóðir finnst mér ekki vera framför persónulega, kannski eru einhverjir sem hafa gaman af því en ég vil frekar bara halda áfram."

Tónlistarmaður og útvarpsmaður

Jamie Cullum hefur haldið úti vikulegum djassþætti á BBC Radio 2 síðan 2010 þar sem hann fær til sín góða gesti úr tónlistarheiminum.

> Það er erfitt fyrir mig að horfa til baka af því að sem skapandi manneskja þarf maður að geta greint á milli þess sem var best heppnað markaðslega séð og því sem manni finnst vera best heppnað listrænt séð.

Hann segir djassheiminn í dag vera mjög frjósaman og fjölbreyttan.

Hvað eru eftirminnilegustu augnablikin úr þættinum þínum og eftirminnilegustu gestirnir?

„Þau eru svo mörg. Til dæmis að fá að vera einn af þeim fyrstu til að spila fólk eins og Gregory Porter, Jacob Collier og Lady Blackbird í útvarpinu, tónlistarmenn sem hafa síðan vakið athygli í meginstraumnum og gert mjög góða hluti. Að takast að varpa ljósi á eitthvað sem er gott og að sjá það ná árangri lætur manni líða eins og maður sé að gera eitthvað gott fyrir tónlistarsamfélagið og gerir manni kleift að baða sig í hæfileikum annarra. Það er mikil gjöf að geta notið þess þegar öðrum gengur vel í stað þess að verða afbrýðisamur og líða eins og það láti þig líta illa út. Að vinna í útvarpi gefur manni tækifæri til að njóta velgengni og hæfileika annarra og það finnst mér vera góð leið til að lifa lífinu."

Ný plata á leiðinni

Jamie Cullum er að mestu leyti sjálflærður tónlistarmaður en kveðst þó hafa byrjað að sækja sér einkatíma í píanóleik í Covid-faraldrinum, innblásinn af börnunum sínum.

Finnst þér námið hafa breytt því hvernig þú nálgast tónlist?

„Nei, það hefur bara gefið mér fleiri liti til þess að mála með og gert mig auðmýkri. Af því að þegar maður lærir eitthvað og sér fólk sem er virkilega hæfileikaríkt þá áttar maður sig á því hversu mikið það hefur þurft að hafa fyrir því."

Síðasta stúdíóplata Jamie er jólaplatan The Pianoman at Christmas sem kom út 2021. Spurður um hvort von sé á nýrri plötu segir hann:

„Já, ég er að vinna í henni akkúrat núna. Það er bókstaflega það sem ég er að fara að gera þegar við klárum þetta spjall. Hún er á leiðinni, ég veit ekki hvenær hún verður tilbúin en hún er á leiðinni og ég er ánægður með það sem er komið hingað til." ■

Nánar á frettabladid.is

Fimm einstaklingar í framboði til stjórnar Samtakanna ‘78. Hrönn Svansdóttir, Kitty Anderson, Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir, Jóhannes Þór Skúlason og Kristmundur Pétursson.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þau vilja berjast fyrir samtökin

Samtökin ‘78 hafa verið við lýði í hálfan fimmta áratug – og baráttan heldur áfram sem aldrei fyrr, enda má henni aldrei ljúka, eins og þeir þekkja best sem hafa kynnt sér sögu mannréttindabaráttu hinsegin fólks á undanliðnum áratugum.

ser@frettabladid.is

Kosið er í nýja stjórn samtakanna um þessar mundir með rafrænum hætti – og lýkur henni síðdegis á morgun, en fimm manns sækjast eftir því að efla málstaðinn á næstu misserum.

En hvað er brýnast?

Fréttablaðið leitaði til fimmmenninganna og bað þá um að nefna helstu áhersluatriðin og það sem brennur mest á hinsegin fólki á Íslandi í dag. ■

Taka þarf á bakslaginu

Hrönn Svansdóttir
35 ára, gjaldkeri hjá Íþróttabandalagi Reykjavíkur

„Mínar helstu áherslur eru að tryggja öryggi og samheldni innan hinsegin samfélagsins,“ segir Hrönn sem kveðst jafnframt vilja taka þátt í að móta starf samtakanna og halda hinsegin baráttunni áfram. „Þar þarf að horfa til þeirra fjármála sem samtökin hafa og huga að því hvernig er hægt að nýta þau sem best. Einnig að halda áfram með hinseginfræðslu á öllu landinu með það að markmiði að taka á þessu bakslagi og byrja til dæmis á því að tala fallega til allra,“ segir Hrönn.

Kosið er í nýja stjórn samtakanna um þessar mundir með rafrænum hætti – og lýkur henni síðdegis á morgun.

Taka þarf á ofbeldi

Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir
22 ára, meistaranemi heima og erlendis

„Ég sit nú þegar í stjórn samtakanna og hef gert það frá árinu 2017, með pásu, og vil að Samtökin ‘78 haldi áfram að bjóða upp á öflugt félagslíf fyrir hinsegin samfélagið og alla hópa þess,“ segir Þórhildur, en þar fyrir utan sé afskaplega mikilvægt að standa vaktina í réttindabaráttu okkar fólks. „Það er enn mikilvægara nú en áður þar sem mikið bakslag hefur orðið á síðustu árum og ofbeldi í garð hinsegin fólks hefur verið að aukast,“ segir Þórhildur.

Raddir allra heyrist

Kitty Anderson
41 árs, mannréttindasérfræðingur

„Ég legg höfuðáherslu á að raddir allra hópa undir hinsegin regnhlífinni endurspeglist í starfi samtakanna með sem fjölbreyttustum og víðtækustum hætti,“ segir Kitty, en huga þurfi líka að uppbyggingu innviða þeirra með stórauknum umsvifum og starfsmannahaldi til að tryggja stöðu og styrk félagsins til framtíðar. „Málefni intersex fólks verða einnig tekin fyrir á Alþingi á þessu ári og intersex þekking verður því mikilvæg innan stjórnar,“ segir Kitty.

Gleymum ekki breiddinni

Kristmundur Pétursson
25 ára, nemi við Háskóla Íslands

„Það sem mér liggur helst á hjarta eru málefnin sem standa mér næst, en það eru málefni trans fólks og hinsegin barna,“ segir Kristmundur og telur eðlilegt að þungamiðja hagsmunabaráttunnar sé þar núna í ljósi stöðunnar sem uppi er. „Þó má ekki gleymast að Samtökin ‘78 eru vettvangur þar sem mikil breidd af fólki kemur saman og það skiptir máli að við upplifum okkur öll saman í liði, en það er alveg ljóst að þannig gengur okkur best,“ segir Kristmundur.

Baráttan aldrei búin

Jóhannes Þór Skúlason
50 ára, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

„Mannréttindabarátta er aldrei búin. Við þurfum að efla innra starf Samtakanna ‘78, en þeim mun sterkari verður röddin út á við,“ segir Jóhannes Þór og bætir við að fræðslustarfið þurfi að auka því það sé besta vopnið gegn fordómum. „Á næstunni mun reyna sérstaklega á baráttuna fyrir réttindum og virðingu trans fólks í samfélaginu. Þörfin fyrir ráðgjöf og stuðning mun aukast og einnig fyrir þjónustu við ungt hinsegin fólk. Starfið verður sífellt mikilvægara,“ segir Jóhannes Þór.

25. MARS

TIX.IS

JAKOB FRÍMANN ER

JACK MAGNET

Gull

OKKAR BJÓR

TÓNLEIKAUPPLIFUN Á ÆÐSTA PLANI MANNLEGRAR SKYNJUNAR!

Hið goðsagnakennda tónverk Jack Magnet, sem Jakob Frímann Magnússon sendi frá sér við upphaf níunda áratugarins,verður flutt í heild sinni í fyrsta sinn hér á landi laugardaginn 25. mars á sviði Bæjarbíós í Hafnarfirði.

EINVALALIÐ LISTAMANNA!

Valdimar Guðmundsson, Dísa Jakobs, Eyþór Gunnarsson, Jóel Pálsson, Guðmundur Pétursson, Róbert Þórhallsson, Þorvaldur Þór Þorvaldsson o.fl. – ásamt Jakobi Frímanni.

Hvað er að frétta?

Þú finnur allar nýjustu fréttir dagsins á frettabladid.is.

Innlendar og erlendar fréttir, léttar fréttir, íþróttafréttir, viðskiptafréttir, skoðanapistla, spottið og auðvitað blað dagsins ásamt eldri blöðum.

Skannaðu kóðann

frettabladid.is

Iain segir veðrið hafa verið með besta móti þegar íslenska kvikmyndateymið var uppi á jökli. FRÉTTABLAÐIÐ/AÐSEND

Fjölskyldufríið á Íslandi fór í vaskinn vegna fárviðris

Skoski stórleikarinn Iain Glen sem fer með aðalhlutverkið í spennuþáttunum The Rig og íslensku spennumyndinni Napóleónsskjölunum segist hafa verið heppinn með veður á Íslandi, fyrir utan þegar hann fékk fjölskylduna til Íslands í frí.

odduraevar@frettabladid.is

Iain Glen og Wilke Möhring, illmennin í Napóleonsskjölunum. MYND/AÐSEND

Iain Glen er flestum Íslendingum vel kunnur enda fer hann með eitt aðalhlutverkanna í íslensku spennumyndinni Napóleónsskjölunum sem sýnd hefur verið í kvikmyndahúsum undanfarnar vikur, auk þess sem hann fer með aðalhlutverkið í bresku þáttunum The Rig sem nú eru í sýningu á streymisveitunni Amazon Prime.

„Ég leik William Carr sem er bandarískur útsendari á eftirlaunum sem erfir þráhyggju föður síns gagnvart því að finna dularfullan varning flugvélar sem hrapaði á einum af stærstu jöklum Íslands í lok seinni heimsstyrjaldarinnar," segir Iain sem hefur verið lengi að og komið víða við.

Hann hefur leikið í Taggart- og Jack Taylor-þáttunum, en í hinum síðarnefndu var Marteinn Þórisson, handritshöfundur Napóleonsskjalanna, einmitt meðal handritshöfunda og varð það til þess að Iain ákvað að slá til og leika í íslensku myndinni.

Hann ber Íslandi vel söguna. „Ég er svo heppinn að hafa fengið að taka þátt í þó nokkrum verkefnum á Íslandi. Til að mynda í Game of Thrones var stærstur hluti þáttarins tekinn upp á Íslandi þar sem teymi yfirgefur Kings Landing til að ná í hvítgengil og sanna að þeir séu til," segir Iain.

Hann segir kvikmyndateymi Napóleonsskjalanna hafa verið gríðarlega heppið með veður við tökur uppi á Vatnajökli. „Það var blár himinn og hlýtt sólskin," segir Iain sem útskýrir að það hafi hentað söguþræði myndarinnar vel.

„Sagan snýst um að flugvélabrakið komi í ljós vegna bráðnandi jökla, þannig að veðrið hentaði sögunni vel. Hækkandi hitastig á Íslandi er augljóslega mikið áhyggjuefni, sem var þema í myndinni, án þess þó að það hafi beint verið sagt," útskýrir leikarinn.

> Ég fékk fjölskylduna mína til landsins í stutta stund rétt eftir jól og plönin okkar fóru í vaskinn vegna mikils ofsaveðurs.

„Það fyndna er svo að ég fékk fjölskylduna mína til landsins í stutta stund rétt eftir jól og plönin okkar fóru í vaskinn vegna mikils ofsaveðurs sem gerði það að verkum að við dvöldum bara á sama stað allan tímann."

Iain segir tökur hafa gengið vel og ber Óskari Þóri Axelssyni leikstjóra vel söguna. „Hann er með skýra sýn á hlutina, veit hvað hann vill en er á sama tíma mjög opinn fyrir nýjum hugmyndum," segir leikarinn.

Hann kveðst ekki hafa heyrt af Arnaldi Indriðasyni áður en hann tók þátt í verkefninu en Arnaldur skrifaði bókina sem handrit myndarinnar byggir á. „Ég held að þetta sé mest selda bók hans á heimsvísu. Það kemur mér ekki á óvart, þetta var mjög spennandi lestur."

Leikarinn segist ekki enn hafa haft tíma til að horfa á myndina. „En ég vona nú að áhorfendur njóti spennandi myndar sem skilur þá eftir með spurningar allt fram að síðustu stundu. Þetta er spennandi saga þar sem hrjóstrug fegurð íslenskrar náttúru er í aðalhlutverki í bakgrunninum." ■

Múmín áskriftarleið með UNICEF

© Moomin Characters™

ÆVINTÝRI BANKA UPPÁ

unicef
fyrir öll börn

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN
ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD
auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN & DREIFING
Torg ehf.

JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025

Sparaðu tíma og gerðu einfaldari innkaup á netto.is
netto

BAKÞANKAR

Ebbu Guðnýjar Guðmundsdóttur

Allt eða ekkert

Ég er mikið að vinna með „allt er betra en ekki neitt“. Mér finnst þetta frábært hjá mér. Ég get svo oft platað mig til að byrja á hinu og þessu með slíku hugarfari. Ekki svo fullkomið að það takist alltaf, en mjög oft. Til dæmis er kemur að hreyfingu. Á mínum aldri er mikilvægt að hreyfa sig, og auðvitað alltaf, en ekki minna er maður fer að eldast. Eins og einhver sagði um líkamann: If you don't use it, you loose it. Þegar ég nenni ekki að fara og lyfta hugsa ég: „Ég ætla bara að vera stutt og gera smá.“ Mjög oft er ég stutt og geri bara smá, sem er samt betra en ekki neitt.

Oft nenni ég ekki að þrífa, hugsa með mér að ég ætli bara að ryksuga hjónaherbergið. Ég geri það en tek svo kannski ganginn líka.

Ég er að deila þessu til þeirra sem eru fastir í allt eða ekkert hugsun. Ég var mikið þar einu sinni og dett þangað endrum og sinnum. Held ég sé með skikkju og reyni að gera mikið og margt og helst allt í einu. En það er bæði erfitt og slítandi. Gott að flæða svolítið og gera smá og vera ekki fastur í einhverjum fasista-listum (sem maður útbýr sjálfur) um hvað þarf að gera og hvenær og hversu mikið. Það er líka svo oft sem það allt mistekst hjá manni. Þá verður maður svo leiður.

Ég man að amma mannsins míns, sem varð 101 árs, sagði einu sinni við mig: „Þegar það er mikið að gera og maður veit ekki hverju er best að byrja á, er best að leggja sig í smástund.“ Frábært ráð. Það á líka við ef maður er mjög þreyttur. Gott að stinga sjálfum sér í hleðslu í 15 mínútur og slaka bara á. Leggjast niður og hlusta á hugleiðslu, podkast eða eitthvað annað. Gefa sér smá slaka. Allt verður auðveldara og skýrara á eftir. ■

Fyrir fólk í leit af nýjum tækifærum

Skannaðu mig

SOKKARNIR ERU KOMNIR

Kauptu Mottumarssokkana á **mottumars.is** eða á næsta sölustað.
Allur ágóði af sölu sokkanna rennur til Krabbameinsfélagsins!

Krabbameinsfélagið
MOTTUMARS
mottumars.is